



Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1940 – 1970, 3. hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins – Bæklingar, skýrslur o.fl. 1940-1970
– Skýrsla til trúnaðarmanna 1957 um störf Alþingis og helstu mál þingsins

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-40, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Frá framkvæmdarstjóra Sjálfstæðisflokksins

Reykjavík 15. desember 1968.

1. gafst undirrituðum tækifæri til að dveljast í Stokkhólmi, Svíþjóð, og fylgjast með lokaáfanga kosningabaráttunnar þar í landi fyrir þingkosningarnar, sem fram fóru þann 15. september. Fór ég í boði miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, en Hægri flokkurinn í Svíþjóð (Högre partiet) kostaði uppihald í Stokkhólmi dvalartímann. Er ég Sjálfstæðisflokknum þakklátur, að mér skyldi veitt þetta tækifæri, sem varð mér persónulega til lærdóms og þroska, sem og mikillar ánægju. Með skýrslu þessari og áframhaldandi upplýsingum vonast ég til, að fór mín geti orðið flokknum, starfi hans og skipulagi til einhvers gagns.

Í skýrslu þessari mun ekki verða leitast við að skýra inntak sjálftrar kosningabaráttunnar í Svíþjóð, úrslit kosninganna, orsakir þeirra né stjórn mála legar afleiðingar þar í landi. Hér verður eingöngu fjallað um uppbyggingu kosningabaráttunnar og þá aðallega Hægri flokksins.

Verður fyrst rætt um hið ytra skipulag kosningabaráttunnar, síðan þau atriði, sem helzt var lögð áherzla á, og að lokum hineinstöku tæki. Verður jöfnum höndum haft til viðmiðunar, hvort og hvernig, viðkomandi atriði gætu komið að gagni við íslenzkar aðstæður.

Öll verður frásögnin sundurlaus og er beðizt afsökunar á því.

I.

Kosningaskrifstofa Hægri flokksins var byggð upp, strukturlega séð, með líku sniði og við eigum að venjast hér heima, a.m.k. í Sjálfstæðisflokknum, enda þótt allt starfslið og umsvif þess, séu margfalt meira og stærra. Aðalskrifstofan, sem staðsett er í Stokkhólmi, heldur öllum þráðum í hendi sér, tekur ákvarðanir, gefur línuna og stjórnar "kosningamaskínunni". Kosningaráð- og nefndir eru stofnsett í borgum og borgarhlutum, kaupstöðum, þorpum og yfirleitt í sem flestum umdæmum. Sömuleiðis eru stofnuð ráð og nefndir, sem sérstaklega hafa með að gera starfs- og stéttarhópa o.s.frv. Óþarfi er að rekja, hvernig skipulag eða "apparat" þetta starfar, en það sem einkum vakti athygli var eftirfarandi:

Allur undirbúningur og skipulag var hafið a.m.k. ári áður en til kosninga kom og nákvæmar skýrslur og töflur voru gerðar yfir það, í hvaða farveg starfið skyldi beinast, á hvað skyldi lögð áherzla og með hvaða hætti bezt og árangursríkast yrði náð til kjósenda.

Ítarlegar skýrslur voru samdar og sendar út til hinna ýmsu flokksstjórnarmanna um tilhögun þessa starfs og leiðbeiningar um hvernig unnið skyldi. Ákveðið var vel í tíma að einbeita sér að ákveðnum verkefnum á tilsettum tímum og ráðleggingar voru fyrir hendi um, hvaða áróður skyldi rekinn, hvaða slagorð skyldu notuð og hvernig skyldi nálgast og vinna óákveðna kjósendur til fylgis við flokkinn.

Sérstök hliðsjón var höfð að því, hvar hyggilegast væri að tefla fram flokksforingjunum, eða einstökum frambjóðendum og sérstakar aðgerðir voru uppi með tilliti til hinna ýmsu hagsmunahópa í þjóðfélaginu, svo og aldursflokka og kynja og gerðir á því útreikningar, hvað hver hópur væri stór og þá þýðingarmikill í kosningunum. Sérstakir bæklingar eða áróðursrit voru gefin út og dreift meðal slíkra einstaka kjósendahópa.

Reykjavík 15. desember 1968.

Dagana 10.-16. september s.l. gafst undirrituðum tækifæri til að dveljast í Stokkhólmi, Svíþjóð, og fylgjast með lokaáfangna kosningabaráttunnar þar í landi fyrir þingkosningarnar, sem fram fóru þann 15. september. Fór ég í boði miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, en Hægri flokkurinn í Svíþjóð (Högre partiet) kostaði uppihald í Stokkhólmi dvalartímann. Er ég Sjálfstæðisflokknum þakklátur, að mér skyldi veitt þetta tækifæri, sem varð mér persónulega til lærdóms og þroska, sem og mikillar ánægju. Með skýrslu þessari og áframhaldiandi upplýsingum vonast ég til, að fór mín geti orðið flokknum, starfi hans og skipulagi til einhvers gagns.

Í skýrslu þessari mun ekki verða leitast við að skýra inntak sjálfrar kosningabaráttunnar í Svíþjóð, úrslit kosninganna, orsakir þeirra né stjórnámálalegar afleiðingar þar í landi. Hér verður eingöngu fjallað um uppbyggingu kosningabaráttunnar og þá aðallega Hægri flokksins.

Verður fyrst rætt um hið ytra skipulag kosningabaráttunnar, síðan þau atriði, sem helzt var lögð áhersla á, og að lokum hineinstöku tæki. Verður jöfnum höndum haft til viðmiðunar, hvort og hvernig, viðkomandi atriði gætu komið að gagni við íslenskar aðstæður.

Öll verður frásögnin sundurlaus og er beðizt afsökunar á því.

I.

Kosningaskrifstofa Hægri flokksins var byggð upp, strukturlega séð, með líku sniði og við eigum að venjast hér heima, a.m.k. í Sjálfstæðisflokknum, enda þótt allt starfslið og umsvif þess, séu margfalt meira og stærra. Aðalskrifstofan, sem staðsett er í Stokkhólmi, heldur öllum þráðum í hendi sér, tekur ákvarðanir, gefur línuna og stjórnar "kosningamaskínunni". Kosningaráð- og nefndir eru stofnsett í borgum og borgarhlutum, kaupstöðum, þorpum og yfirleitt í sem flestum umdæmum. Sömuleiðis eru stofnuð ráð og nefndir, sem sérstaklega hafa með að gera starfs- og stéttarhópa o.s.frv. Óþarfi er að rekja, hvernig skipulag eða "apparat" þetta starfar, en það sem einkum vakti athygli var eftirfarandi:

Allur undirbúningur og skipulag var hafið a.m.k. ári áður en til kosninga kom og nákvæmar skýrslur og töflur voru gerðar yfir það, í hvaða farveg starfið skyldi beinast, á hvað skyldi lögð áhersla og með hvaða hætti bezt og árangursríkast yrði náð til kjósenda.

Ítarlegar skýrslur voru samdar og sendar út til hinna ýmsu flokksstjórnarmanna um tilhögun þessa starfs og leiðbeiningar um hvernig unnið skyldi. Ákveðið var vel í tíma að einbeita sér að ákveðnum verkefnum á tilsettum tímum og ráðleggingar voru fyrir hendi um, hvaða áróður skyldi rekinn, hvaða slagorð skyldu notuð og hvernig skyldi nálgast og vinna óákveðna kjósendur til fylgis við flokkinn.

Sérstök hliðsjón var höfð að því, hvar hyggilegast væri að tefla fram flokksfóringjunum, eða einstökum frambjóðendum og sérstakar aðgerðir voru uppi með tilliti til hinna ýmsu hagsmunahópa í þjóðfélaginu, svo og aldursflokka og kynja og gerðir á því útreikningar, hvað hver hópur væri stór og þá þýðingarmikill í kosningunum. Sérstakir bæklingar eða áróðursrit voru gefin út og dreift meðal slíkra einstaka kjósendahópa.

Heildarsvipur alls þessa starfs og undirbúnings var með öðrum orðum sá, að leitast var við að samræma allar aðgerðir, að sérhver maður, á hver sínum stað ynni að einu og sama markinu á kerfisbundinn skipulegan hátt.

II.

Óhætt er að segja, að einkum tvennt hafi sett svip sinn á kosningabaráttuna í Svíþjóð.

Í fyrsta lagi lögðu allir flokkarnir áherzlu á, að ná til hinnar nýju kynslóðar, hinna ungu kjósenda og þar baráttu allra flokkanna, málflutningur þeirra og framboð, þess glögg merki. Mjög áberandi og mikið auglýst voru framboð ungra manna og kvenna og málefni unga fólksins.

Í öðru lagi setti það sterkan svip á kosningabaráttuna, að flokkarnir og frambjóðendur þeirra leituðust við, að nálgast fólkið. Í stað þess, að leggja áherzlu á, að fólkið kæmi til frambjóðendanna, meðal annars með því að boða það til stórra funda á tilteknum tíma, með því að ætlast til að fólklæsi stjórnmálalegar langlokur í dagblöðum o.s.frv. voru það frambjóðendurnir í þessari kosningabaráttu, sem nálguðust fólkið komu sjálfir á fundi til þess, gáfu sig fram, ef svo má að orði komast.

Að sjálfsögðu var reynt að efna til stórfunda, en menn gerðu sér grein fyrir, að þeim aðferðum eingöngu yrði ekki beitt til árangurs. Má t.d. nefna, að Olaf Palme, sem ku njóta mikilla vinsælda meðal yngri kynslóðarinnar í Svíþjóð, fékk til sín 90 manns á fund hálfum mánuði fyrir kosningar. Sömuleiðis var lokahátíð hægri flokksins laugardaginn fyrir kosningarnar, sem auglýst hafði verið með pompi og pragt, bæði rislág og fátækleg.

III.

Þær aðferðir sem notaðar voru til að afla fylgis, voru að sjálfsögðu margvíslegar og margháttaðar og munu nokkrar þeirra raktar hér á eftir í stuttu máli. Þess ber þó að gæta, að margt er látið ósagt, sem augljóslega mundi ekki koma að neinu gagni við hérlandar aðstæður, en eitt og annað týnt til, sem athygli vakti:

Kynning frambjóðenda og sjónarmiða þeirra.

- 1) Haldnir voru fundir út í hverfunum sjálfum, þar sem umræður voru frjálslégar, engar ræður, heldur stuttar spurningar og stutt svör eins eða tveggja frambjóðenda. Fundirnir voru haldnir í hádeginu eða strax eftir vinnu og boðið var upp á öl og grísasteik, og hljómsveit eða einhver skemmtikraftur var látin draga fólk að, skemmta á undan og á eftir.
- 2) Til þess að kynna fundina, en þó öllu fremur til að kynna sjálfan sig, gekk frambjóðandinn sjálfur í hús hverfisins daginn fyrir fundinn, með auglýsingamiða, kynnti sig og bauð fólki að koma.
- 3) Dreift var á mannamótum og á götum úti, miðum með myndum (ekki andlitsmyndum) af frambjóðendum (einum á hverjum miða), þar sem hann var kynntur í stuttu máli og dregnar fram skoðanir hans á ýmsum málum, sérstaklega þeim, sem voru hans áhugamál.
- 4) Frambjóðendur hófu umræður á götum úti án mikilla auglýsinga fyrirfram, stóðu með hátalara og svöruðu spurningum, sem vegfarendur beindu til þeirra. Einnig á fjölmönnum vinnustöðum, skólum o.s.frv.

Við þetta mætti bæta:

- 1) Koma þyrfti frambjóðanda á fundi eða samkomur, hjá sem allra flestum klúbbum, hagsmuna- og stéttahópum, til frjálsra samtaka, nemendahópa o.s.frv.
- 2) Gefa þyrfti hinum ýmsu frambjóðendum tækifæri til að gefa yfirlýsingar, sem fréttæmar þættu, sem yrðu fréttafni blaða, útvarps og sjónvarps, og auglýstu þannig bæði efni yfirlýsingarinnar og frambjóðendann sjálfan.

Almennt verður þó að fara varlega í hvers konar auglýsingarherferðir um persónu einstakra frambjóðenda, svo kjósendur gagnsefjist ekki, og þarf því flest framangreint að fara fram á látlausan og óþvingaðan hátt.

- 3) Frambjóðendur notfæri sér aðgang að stórum dagblöðum, þar sem þeir settu fram skoðanir sínar í stuttu máli og gagnyrstum greinum.
- 4) Skipuleggja þarf starfshóp (team) með frambjóðendum, sem væri hverjum einstökum til aðstoðar í starfi.

Útgáfustarfsemi:

- 1) Lögð var áherzla á útgáfu og dreifingu lítilla spjalda, sem einfaldar spurningar voru settar fram, og svar við þeim.
- 2) Settar voru auglýsingar í blöð, þar sem spurningum var slegið upp með flannastóru letri og síðan sett fram svar með smærra letri en ekki í löngu máli. Höfðuðu þessar spurningar til einstakra afmarkaðra vandamála, stétta eða sérstakra hópa, og í svarinu var dregið fram hvernig flokkurinn mundi leysa vandamálið, eða hvernig hinir flokkarnir beittu sér gegn þessum ákveðna hagsmunahópi.
- 3) Þesar voru gefnir út, þar sem vikið var að hagsmunahópum, stéttum, áhugastörfum, aldursflokkum, kynjum, félagsmálum o.s.frv., skreytt með smekklefum teiknimyndum og er þar gerð grein fyrir stefnumálum, hvað gert hefur verið, hvað gera skuli.

Kosningaundirbúningur:

- 1) Undirbúningur hófst a.m.k. ári fyrir kosningar. Sendir voru bæklingar til starfsmanna og forystumanna flokksins, þar sem settar voru fram leiðbeiningar um tilhögun starfsins á mjög nákvæman hátt.
- 2) Þessum mönnum voru sendar upplýsingar frá flokksskrifstofunni, jafnóðum og þær voru fyrir hendi um tilhögun alla, byggður var upp ákveðinn stífgandi, tekið var fram, hvað flokkurinn legði áherzlu á í málflutningi (rök og stefna) og lögð var rík áherzla á, að skrifstofunni væru send gögn og skýrslur um árangur og undirtektir kjósenda.

Starfslið og fulltrúar störfuðu m.a. að eftirfarandi:

- a) Kynna stefnu flokksins, fyrir sem flestum kjósenda og eyða neikvæðum áróðri og dylgjum um flokksforystu og frambjóðendur sína.
- b) Gera sem flestum grein fyrir þýðingu þess, að flokkurinn komist að, eða fari frá - eftir atvikum.

- c) Ná sem flestu fólki inn í starfið, beint eða óbeint, Sérstaklega að hafa samband við það fólk, sem talið er vera fylgjandi flokksnum en vill ekki taka virkan þátt í starfinu, og fá það til að gefa upplýsingar og taka óbeinan þátt - láta það finna til þess, að með því sé reiknað.
- d) Hafa samband við sem mest af ungu fólki og kynna því sérstaklega skoðanir og frambjóðendur flokksins.
- e) Setja ákveðin afmörkuð mál ó oddinn, t.d. húsnæðismál og kynna afstöðu flokksins til þeirra.
- f) Ef góður foringi er, þá leggja áherzlu á ágæti hans.
- g) Setja á fót skoðanakannanir um mögulega sem ómögulega hluti meðal stuðningsmanna eða hverfisbúa.
- h) Undir lokin (hálfum mánuði) fyrir kosningar, komi sérstakt ákall frá formanni eða efsta manni lista til flokksmanna um að duga nú vel og herða róðurinn - nú sé að duga eða drepast.
- i) Hnyttnar, góðlátlegar en ekki rætnar myndaskrítlur í dagblöðum um andstæðinga.
- j) Skipta frambjóðendum, ef mögulegt er, á hin einstöku hverfi eða svæði til að keyra starfið áfram og kynnast vandamálum.

Við þetta má bæta:

- a) Sérstök áherzla er lögð á að ná til unga fólksins og er það gert með því að taka á vandamálum unga fólksins - en einnig með framboði ungra manna. Þá er tekið fram, að það sé ekki endilega vegna þess, að ungir menn séu hæfari en þeir eldri, heldur séu þeir alla jafna hæfari til að skilja viðhorf og vandamál unga fólksins, sinnar eigin kynslóðar.
- b) Leggja ber rækt við sjónvarpsfundi og undirbúa þátttakendur vel, ekki má þó skóla þá svo til, að þeir missi hinn "originala charma" sem kannske er aðalkostur viðkomandi. En regin munur er sem sagt á framkomu á almennum fundum og í sjónvarpi.
- c) Kosning stendur oft meir um menn en málefni, og ef það eru málefni, þá eru það gjarnan þau smáu en ekki þau stóru.
- d) Kanna þarf vel í sveitarstjórnarkosningum, jafnvel vorinu á undan kosningum hvar skórin kreppir, því oft má kippa vandamálum og óánægju í lag, með lítilli fyrirhöfn, Má gera þessa athugun með skoðanakönnunum og/eða personulegum fyrirspurnum.
- e) Örar breytingar og "rotation" þarf að vera í fulltrúaliðinu og sömuleiðis á frambjóðendum.

Sviarnir buðu jafnvel fram sérstaka ungra manna lista, þótt það fyrirkomulag myndi ekki vera framkvæmanlegt hér á landi.

Þessi sundurlausa upptalning er látin nægja að sinni, en með þessari greinargerð, fylgja pésar og bæklingar, sem undirritaður aflaði sér og er það efni til fyllingar og skýringar á mörgu að því, sem hér hefur verið minnst á.

Virðingarfyllst,

Ellert Schram.



SJÁLFTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR: SJÁLFTÆÐISHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL

Miðstjórn

Reykjavík, 17. júlí 1957.

Kæri trúnaðarmaður.

Nú, að loknu þingi, telur miðstjórnin rétt að senda trúnaðarmönnum flokksins yfirlit um störf Alþingis og gera nokkra grein fyrir helztu málum, sem þar hafa verið til meðferðar.

Núverandi ríkisstjórn hefir tekizt að setja met í löngu þinghaldi, því að Alþingi stóð nú frá 10. okt. 1956 til 31. maí 1957, eða samtals í 234 daga. Lengst hefir þing áður setið í 227 daga, veturinn 1946-1947, en þá var langt þinghald miklu eðlilegra en nú, vegna þess að stjórnarskipti urðu á miðjum þingtímanum.

Eftir lengd þingtímans mætti ætla, að Alþingi hefði nú verið afkastameira en nokkru sinni fyrr. En því fer mjög fjarri. Megin hluta þingtímans voru þingfundir aðeins nokkrar mínútur á degi hverjum og hefðu þingfundir oft orðið að falla niður, ef Sjálfstæðismenn hefðu ekki átt frumkvæði að flutningi margra þingmála. Höfðu forsetar af þeim sökum aðstöðu til að hafa einhver mál á dagskrá. Hinsvegar forðaðist stjórnarliðið mjög vandlega að samþykkja nokkrar tillögur frá Sjálfstæðismönnum, þótt að vísu ýms mál, sem ríkisstjórnin eða stjórnarliðið flutti, væri að meira eða minna leyti runnið frá Sjálfstæðismönnum.

Í trúnaðarbréfi, sem miðstjórnin sendi út í febrúar 1957, var gerð rækileg grein fyrir því, hvernig stjórnarliðið hefði gersamlega svikið öll sín kosningaloforð. Var í því sambandi skýrt ýtarlega frá frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir stöðvun útflutningsframleiðslunnar um s.l. áramót, og ennfremur aðgerðum ríkisstjórnarinnar í varnarmálunum. Verður því þessum málaflökkum sleppt í eftirfarandi yfirliti um störf Alþingis, en í stórum dráttum gerð grein fyrir öðrum málum. Verða þá fyrst rakin helztu lög og þingsályktanir Alþingis, en síðan skýrt frá þeim málum, sem Sjálfstæðismenn fluttu á síðasta þingi.

FJÁRLÖG.

Fyrsta fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar var lagt fram þegar í þingbyrjun og voru niðurstöðutölur þess rúmar 713,4 millj. kr., eða um 135 millj. kr. hærra en síðasta fjárlagafrv. fyrrv. ríkisstjórnar. Má því segja, að myndarlega væri þar hert á sprettinum, svo sem síðar kom í ljós í sambandi við skattaálögurnar um áramótin. Þótt fjárlagafrv. hækkaði svo mjög frá fyrra ári, vakti það sérstaka athygli, að fjárveitingar til verklegra framkvæmda voru lækkaðar um rúmar 8,2 millj. kr.

Einn af þingmönnum kommúnista, Karl Guðjónsson, var kosinn formaður fjárveitinganefndar, en það er fyrst og fremst formaður fjárveitinganefndar og fjármálaráðherra, sem marka stefnuna varðandi afgreiðslu fjárlaga. Í fjárveitinganefnd lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins til, að í stað þess að lækka fjárveitingar til verklegra framkvæmda, þ.e. vega, brúa, hafna og skóla, yrðu fjárveitingarnar hækkaðar um 20% frá fjárlögum s.l. árs. Var þó hér hóflega í sakirnar farið með hliðsjón af því, að í fjárlögum ársins 1956 voru þessar fjárveitingar hækkaðar um rúmlega 25%, niðað við árið áður. Þessi tillaga Sjálfstæðismanna var felld í fjárveitinganefnd, en samt fór svo, að stjórnarliðið treysti sér ekki til að halda niðurskurðarstefnu fjármálaráðherra til streytu

og voru fjárveitingarnar að lokum hækkaðar um svipaða upphæð og Sjálfstæðismenn höfðu lagt til, að undanskildum fjárveitingum til nýbygginga vega, sem voru aðeins hækkaðar um 5%. Lögðu því Sjálfstæðismenn við 2. umr. fjárlaga fram tillögur um hækkun á fjárveitingum til allra vega, sem námu um 15%. Allar þessar tillögur voru felldar af stjórnarliðinu.

Afgreiðsla fjárlaga gekk mjög treglega, og voru þau ekki endanlega afgreidd frá Alþingi fyrr en 26. febrúar. Var endanleg niðurstöðutala á sjóðsyfirliti 811,6 millj., og er þar um að ræða nær 150 millj. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1956. Er þó í þessum fjárlögum ekki gert ráð fyrir neinni vísitöluhækkun frá fjárlögum ársins 1956. Árið 1956 hækkuðu fjárlögin um 157 millj. miðað við fjárlög ársins 1955, en þá var líka gert ráð fyrir 15 stiga vísitöluhækkun, og fjárlögin við það miðuð.

Öll fyrri lagaákvæði um tekjuöflun ríkissjóðs voru framlengd óbreytt, einnig söluskatturinn, og hreyfðu nú kommúnistar engum andmælum gegn honum. Þar að auki eru svo ríkissjóði ætlaðar um 100 millj. kr. af sköttum þeim, sem á voru lagðir við síðustu áramót.

Stjórnarliðið reyndi að halda því fram, að við Sjálfstæðismenn hefðum verið með yfirborðstillögur og sýnt ábyrgðarleysi við afgreiðslu fjárlaga. Þetta er víðsjarri, því að við vöktum einmitt athygli á því við fjárlagaumræðurnar, að stjórnarliðið væri að stefna út í fullkomið öngpveiti með þessari geysilegu útgjaldahækkun hjá ríkissjóði. Hinsvegar gat auðvitað ekki hjá því farið, að við flyttum einhverjar útgjaldatillögur af okkar hálfu, því að ýms mikilvæg mál voru það, sem stjórnarliðið vildi ekki sinna, þótt það legði til að verja fé til óþarfari hluta. Var því ógerlegt fyrir Sjálfstæðismenn annað en flytja tillögur í því sambandi. En þessum útgjaldatillögum Sjálfstæðismanna var svo í hóf stillt, að þær námu ekki nema um 1% af heildarútgjöldum fjárlaga, eins og frá þeim var endanlega gengið. Er því reginmunur á starfsháttum Sjálfstæðismanna í fjárveitinganefnd nú og afstöðu minnihluta fjárveitinganefndar á undanförunum árum, því að útgjaldatillögur minnihlutans hafa á undanförunum árum að jafnaði numið 50-60 millj. kr., eða jafnvel hærri upphæðum. Mótaðist afstaða Sjálfstæðismanna til fjárlagaafgreiðslunnar af þeirri yfirlýsingu, sem þeir gáfu við 1. umr. fjárlaga, að þótt þeir væru komnir í stjórnarandstöðu, vildu þeir engu að síður stuðla að því, að fjárlög yrðu afgreidd greiðsluhallalaust. Meginhlutinn af hinni miklu útgjaldahækkun ríkissjóðs nú stafar af útgjaldatillögum, sem teknar voru upp eftir ósk ríkisstjórnarinnar sjálfrar.

Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1957 er vert að minnst ummæla tveggja núverandi ráðherra, þeirra Hannibals Valdemarssonar og Lúðvíks Jósefssonar, í nefndaráliti þeirra, sem minnihluta fjárveitinganefndar við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1956, en þar komast þeir m.a. svo að orði:

"Þó að leitað sé með logandi ljósi, eru engar tillögur í sparnaðarátt finnanlegar í tillögum meirihluta nefndarinnar. Með afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1956 verður því haldið trúlega áfram aðeins með auknum hraða á þeirri braut, sem mörkuð var með gengislækkuninni og farið hefir verið óslitið síðan. Vörðurnar við þann veg eru eins og allir þekkja, bátagjaldeyrir, togaragjaldeyrir, vaxandi niðurgreiðslur, sístækkandi embættisbákn, aukinn milliliðagróði, ölmusustyrkir til atvinnulífsins, skattþíning einstaklinga, dýrtíðarflóð og margföldun ríkisútgjalda"

"Við undirritaðir getum ekki fallið á, að fjárlög verði enn sem fyrr afgreidd í samræmi við þessa óheillastefnu, sem jafnvel sterkustu stuðningsmenn stjórnarinnar viðurkenna fyrir þjóðinni, að sé að þrotum komin".

Vert er að benda flokksbræðrum þessara tveggja núverandi ráðherra á að bera saman framangreind ummæli og þá stefnu, sem

þeir fylgja, eftir að þeir eru komnir í ríkisstjórn.

HÚSNÆÐISMÁL.

Eitt af helztu stefnumálum ríkisstjórnarinnar var að stórauka framlög til íbúðabygginga. Hafa kommúnistar og Alþýðuflokksmenn svo sem kunnugt er gert mjög lítið úr húsnæðismálalöggjöf þeirri, sem sett var að tilhlutan fyrrv. ríkisstjórnar og munu því án efa flestir hafa gert ráð fyrir því, að mjög mikil breyting yrði til batnaðar með tilkomu þessara flokka í ríkisstjórn.

Reyndin varð þó allt önnur, og hér, sem á öðrum sviðum, varð lítið úr stórum orðum. Félagsmálaráðherra, Hannibal Valdemarsson, sparaði að vísu ekki stór orð og háar tölur, þegar hann lagði frumvarp ríkisstjórnarinnar um húsnæðismálstofnun, byggingarsjóð ríkisins o.fl. fyrir Alþingi, seint á síðasta þingi. Þegar umbúðirnar voru teknar utan af frumvarpinu, varð þó harla lítið eftir. Meginhluti frv. er ekki annað endurprentun á gildandi húsnæðismálalögum, en kerfið þó allt gert flóknara og kostnaðarsamara í framkvæmd. Vaxtakjör og upphæð lána er óbreytt, en þau atriði höfðu bæði Hannibal Valdemarsson og Gylfi Þ. Gíslason fordæmt mjög harðlega, þegar húsnæðismálafrv. fyrrv. ríkisstjórnar var til meðferðar á Alþingi. Nýir tekjustofnar eru að vísu þrír, 1% álag á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld samkv. tollskrá, 2/3 hlutar af stóreignaskatti og loks skyldusparnaður ungmenna á aldrinum 16-25 ára, en allir eru tekjustofnar þessir mjög óvissir og sýnist ekki geta orðið um að ræða nema að mesta lagi 16 millj. kr. aukningu á fé því, sem veðlánakerfið hefir til ráðstöfunar á þessu ári. Er þá gengið út frá því, að bankar og aðrar lánastofnanir leggi veðlánakerfinu til jafnmikið fé og á s.l. ári, en allt er það í óvissu vegna hins mikla samdráttar á sparifjármyndun í landinu. Er því mjög hætt við, að margir verði fyrir vonbrigðum af þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar, eftir að svo hátt hafði verið látið um þau miklu átök, sem hún ætlaði að gera í þessum efnunum. Eftirtektarverðast er þó það, að ríkisstjórnin hefir í öllum meginatriðum byggt á þeirri löggjöf, sem fyrrv. ríkisstjórn hafði átt frumkvæði að.

Því var mjög haldið á lofti af félagsmálaráðherra, Hannibal Valdemarssyni, í sambandi við setningu þessarar nýju löggjafar um húsnæðismálstofnun, að fyrrverandi ríkisstjórn hefði ekki staðið við þau fyrirheit, sem gefin voru, þegar lögin um húsnæðismálstofnun voru sett fyrir tveimur árum. Í greinargerð Landsbanka Íslands hafa þessar fullyrðingar verið afsannaðar mjög rækilega og sýnt fram á, að eigi aðeins hafa 100 millj. kr. verið lánaðar til húsbýgginga á árunum 1955 og 1956, eins og gert var ráð fyrir, hvort árið, heldur töluvert hærrí upphæð, eða samtals bæði árin um 225 millj. kr. Var því með húsnæðismálalöggjöf fyrrv. ríkisstjórnar gert mjög stórt átak í húsnæðismálunum, þótt það nægði ekki til að leysa vanda allra þeirra, sem vildu byggja, enda ber þess að gæta, að byggingar síðustu tvö árin hafa orðið miklu meiri heldur en gert var ráð fyrir, sem stafar fyrst og fremst af auknu byggingarfrelsi, eftir margra ára ströng höft.

Þótt Sjálfstæðismenn teldu þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar bæði illa undirbúið og stórgallað, vildu þeir ekki snúast gegn því, ef það kynni að geta leyst að einhverju leyti vanda þeirra mörgu, sem eru að berjast í því að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Sjálfstæðismenn töldu hugmyndina um skyldusparnað vel þess virði, að hún væri athuguð, en töldu hinsvegar ákvæðin um þetta efni mjög gölluð í frumvarpinu, m.a. myndu margir þeir, sem skyldaðir verða til að spara, alls ekki fá notið hlunnindanna um húslán, þar eð sparnaður þeirra myndi ekki nema þeirri lágmarksupphæð, sem lögin gera ráð fyrir, þ.e. 25 þús. kr. Sjálfstæðismenn litu einnig svo á, að skyldusparnaður væri ógeðfelldur, ef auðið væri að afla fjár með öðru móti, og því væri æskilegt, að þróun fjár-

málalífsins væri á þann veg, að hvatt væri til sparnaðar, svo sem verið hefði í mjög ríkum mæli undanfarin ár. Lögðu því Sjálfstæðismenn til, að í stað skyldusparnaðarákvæða frumvarpsins, yrðu tekin upp hliðstæð ákvæði um frjálsan sparnað og sérstök hlunnindi í því sambandi til allra þeirra, sem spöruðu fé til húsbygginga. Má telja víst, að hefðu þessar tillögur Sjálfstæðismanna verið samþykktar, hefði þannig með frjálsum sparnaði verið hægt að afla meira fjár til íbúðabygginga en skyldusparnaðurinn mun gefa, og á ólíkt geðfelldari hátt. En stjórnarliðið sameinaðist um að fella þessar tillögur. Auk hinna almennu veðlána samkvæmt hinum nýju lögum, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi árlega fram allt að 4 millj. kr. næstu 10 ár til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Og loks eru fyrir máli um það í lögunum, að framlag sveitarsjóða til verkamannabústaða skuli tvöfaldað, og kemur ríkisframlag þar á móti.

Hin nýja húsnæðismálastjórn er skipuð 4 mönnum, kjörnum af Alþingi, og einum tilnefndum af Landsbanka Íslands, en fulltrúi Landsbankans hefir ekki atkvæðisrétt um lánveitingar. Af hálfu Sjálfstæðisflokksins var Ragnar Lárusson, fulltrúi, kjörinn í húsnæðismálastjórnina.

STÓREIGNASKATTURINN.

Þegar hinar miklu álögur voru lagðar á þjóðina um síðustu áramót, var henni sagt, sennilega í huggunarskyni, að ríkisstjórnin hefði í undirbúningi að leggja sérstakan skatt á stóreignir, og ætti sá skattur að gefa allt að 80 millj. kr. Þegar þessi yfirlýsing var gefin, mun að vísu enginn hafa vitað, hve há skattstiginn þyrfti að vera, til þess að gefa samtals 80 millj. kr.

Sjálfstæðismenn viðurkenna, að stóreignaskattur geti átt rétt á sér, en þó því aðeins að verið sé að gera róttækar ráðstafanir í efnahagsmálum og lagfæringar á efnahagskerfinu, sem hefðu í för með sér röskun á verðhluðfalli milli fasteigna og peninga. Þó verði jafnan vandlega að gæta þess, að stóreignaskattur sé innan þeirra marka, að hann ekki verki lamandi á atvinnureksturinn í landinu. Á þessum grundvelli var stóreignaskattur á lagður árið 1950, í sambandi við gengisbreytinguna. Sá skattur gaf þó ekki af sér nema 45 millj. kr. og átti að greiðast á 20 árum.

Engar slíkar röksemdir voru fyrir stóreignaskatti nú. Ráðstafanirnar við síðustu áramót miðuðu ekki að því að koma á jafnvægi í efnahagslífinu, heldur stórkostlega auka öngþveitið og valda atvinnurekstrinum í landinu nýjum erfiðleikum. Það var því algjörlega út í bláinn að leggja nú á stóreignaskatt, og þótt stjórnarliðið hafi væntanlega álitnið, að skattlagning þessi myndi líta vel út í áróðri, þá mun reyndin vera sú, að allur almenningur hefir gert sér ljósa grein, að með skattheimtu þessari er beinlínis verið að vega að atvinnurekstri landsmanna, sem berst í bökkum, því það verða fyrst og fremst ýmiskonar atvinnufyrirtæki, sem verða að greiða skattinn. Liggur enda í augum uppi, hversu fjarstætt og hættulegt er að leggja á nýjan stóreignaskatt aðeins 7 árum eftir að slíkur skattur hefir verið áður á lagður, og 3/5 hlutar af þeim skatti enn ógreiddir. Að vísu var hámark skattfrjálsrar eignar þá lægra en nú, en mat eigna var þá einnig margfalt lægra og ennfremur er gert ráð fyrir, að heildarskattupphæðin verði nú miklu hærri og greiðslutími aðeins 10 ár, en var áður 20 ár. Helztu atriði stóreignaskattslaganna eru þessi:

Af 1 millj. kr. hreinni eign hjá hverjum einstaklingi greiðist enginn skattur. Af 1-1½ millj. kr. eign greiðist 15% af því, sem er umfram 1 millj. kr. Af 1½ til 3 millj. kr. eign greiðist 75 þús. kr. af 1½ millj. og 20% af afgangi. Af 3 millj. kr. eign og þar yfir greiðist 375 þús. kr. af 3 millj. og 25% af afgangi. Við mat fasteigna er lagt til grundvallar hið nýja hækkaða fasteignamat, sem gekk í gildi 1. maí s.l., en það mat er síðan þrefaldað. Er því t.d. matsverð fasteigna í Reykjavík

til stóreignaskatts 15 falt gamla fasteignamatið. Frá matsverði vinnslustöðva sjávarafurða og landbúnaðarafurða skal draga 20 %. Fiskiskip og flugvélar reiknast með vátryggingarverði, að frádregnum 40%, og önnur skip með vátryggingarverði, að frádregnum 25%. Heimilt er að hækka verð einstakra lóða meira en svarar hinu almenna mati samkvæmt lögnum. Mat á vélum, áhöldum og öðru lausafé verður ákveðið með reglugerð. Skatturinn er ekki lagður á félög, heldur er eignum þeirra deilt niður á félagsmenn. Félag er hinsvegar ábyrgt fyrir greiðslu skatts af eignarhluta í félagi, en hefir rétt til að endurkrefja viðkomandi félagsmann. Sé skattur yfir 10 þús. kr., má greiða hann með skuldabréfi til 10 ára, en samkvæmt þessum lögum er ekki heimilt að afhenda eign til greiðslu á skattinum með því skattmáti, sem lögin ákveða, svo sem heimilt var samkvæmt eldri lögum um stóreignaskatt. Stóreignaskattur er ekki frádráttarþær við álagningu annarra skatta.

Sjálfstæðismenn greiddu atkvæði gegn stóreignaskattinum, ekki til þess að hlífa mönnum við að leggja eðlilegan hlut af mörkum til þjóðfélagsþarfa, heldur vegna þess að með skatti þessum er enn stórlega verið að auka á erfiðleika atvinnuveganna, og auk þess er endurtekin skattheimta af þessu tagi hreint eignarán, sem Sjálfstæðisflokkurinn er algjörlega andvígur.

BANKAMÁLIN.

Eitt af helztu stefnumálum ríkisstjórnarinnar var að gera breytingar á bankalöggjöfinni. Munu þingstörf einkum hafa dregið vegna átaka innan stjórnarflokkanna um þetta mál. Að vísu munu þeir hafa verið sammála um það að skerða áhrif Sjálfstæðismanna í bönkunum, en aðaldeilan snérist um það, hvernig skipta ætti herfanginu.

Seint á þinginu voru loks hin marglofuðu bankafrumvörp lögð fram. Snertu frumvörp þessi 3 bankana, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Framkvæmdabanka Íslands. Á lögum um Framkvæmdabanka Íslands var sú ein breyting gerð, er máli skiptir, að breytt var skipan bankaráðsins þannig, að hér eftir skuli eiga sæti í bankaráði 5 menn, 4 kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi, og fimmta manninn skipar ráðherra og er hann formaður bankaráðsins. Um Útvegsbanka Íslands voru sett ný lög, þar sem ákveðið er, að ríkissjóður innleysi hlutabréf bankans, svo að bankinn verði hér eftir hreinn ríkisbanki. Að öðru leyti er sú ein efnisbreyting gerð, frá gildandi lögum um bankann, að samskonar ákvæði er sett um bankaráð Útvegsbankans eins og bankaráð Framkvæmdabankans. Á lögum um Landsbanka Íslands er gerð sú efnisbreyting, að bankanum er skipt í tvær deildir, seðlabanka og viðskiptabanka, og yfir hvora deild bankans er sett sérstakt bankaráð, því að þótt bankaráð Landsbankans, sem skipa skal á sama hátt og bankaráð hinna tveggja bankanna, sé að formi til yfirstjórn beggja deilda bankans, þá er hin raunverulega stjórn seðlabankans í höndum 5 manna stjórnar. Eru þrír þessara manna skipaðir af ríkisstjórninni, eftir tillögum bankaráðs, en að auki eiga hinir tveir bankastjórar seðlabankans sæti í stjórn hans. Jafnframt er það nýstárlega ákvæði í lögin tekið, að yfirbankastjóri seðlabankans skal vera skipaður af forseta Íslands, en allir aðrir bankastjórar eru ráðnir af viðkomandi bankaráðum, svo sem áður hefir tíðkast. Aðrar efnisbreytingar eru ekki gerðar á lögum um Landsbanka Íslands.

Þótt haldið væri á lofti af ríkisstjórninni þeim efnisbreytingum á bankalöggjöfinni, að stofnaður væri seðlabanki og Útvegsbankinn gerður að ríkisbanka, þá vita allir, að þær breytingar voru algert aukaatriði, því að aðaltilgangur hinnar nýju bankalöggjafar var sá, að tryggja stjórnarliðinu algjör yfirráð yfir þessum þremur bönkum. Fór líka svo í umræðum um þessi mál á Alþingi, að forsætisráðherrann beinlínis játaði, að þetta væri meginatriði málsins.

Sjálfstæðismenn kröfðu forsætisráðherrann sagna um það, hvort þeir bankastjórar þessara banka, sem væru Sjálfstæðismenn, hefðu misbeitt sínu valdi og gat forsætisráðherra ekki fært fram eitt einasta dæmi því til sönnunar. Það liggur því óvæfengjanlega fyrir, að breytingin á bankalöggjöfinni er eingöngu pólitísk ofsókn, því að nauðsynlegt er í þessu sambandi að hafa það í huga, að áhrif Sjálfstæðismanna í þessum bönkum stafa ekki af því, að þeir hafi með löggjöf tryggt sér þessi áhrif, heldur voru bæði lögin um Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands sett af ándstæðingum Sjálfstæðismanna og skipulag yfirstjórnar Landsbankans beinlínis á sínum tíma við það miðað að tryggja Framsóknarflokknum þar áhrifa-vald. Áhrifavaldi sínu hafa því Sjálfstæðismenn náð með beinum lýðræðislegum aðferðum, og má þess. t.d. geta, að Sjálfstæðismenn höfðu hreinan meirihluta í bankaráði Landsbankans, þegar Vilhjálmur Þór var ráðinn þar bankastjóri, svo að þeir hafa síður en svo látið flokkssjónarmið ein ráða gerðum sínum.

Með breytingunni á bankalöggjöfinni hefir stjórnarliðið tryggt mörgum skjólstæðingum sínum ágætar stöður, enda mun um hálfur annar tugur stjórnarliða fá stöður og bitlinga við bankana. Jafnframt hefir ríkisstjórnin hér tekið upp starfshætti, sem eru áður óþekktir í okkar þjóðfélagi og geta haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Auðvitað hafa mörg embætti í þjóðfélaginu jafn mikla pólitíska þýðingu og bankastjórstöður, og eigi sá háttur að verða upp tekinn, að sérhver ríkisstjórn reki frá völdum alla þá embættismenn, sem eru henni andstæðir að stjórnmalaskoðun, þá er augljóst, að beinlínis er verið að grafa grunninn undan stjórnskipu-lagi okkar og skapa fullkomna upplausn og öngþveiti innan tíðar. Það skiptir auðvitað engu meginmáli fyrir Sjálfstæðisflokkinn, hvort hann hefir einn eða tvo bankastjóra í þessum bönkum, því að þeir beita þar ekki sínu valdi flokkslega, heldur eftir því sem þeir telja sannast og réttast. Það er því fyrst og fremst sú hättulega stefna, sem hér er upp tekin, sem veldur því, að Sjálfstæðismenn hljóta að snúast af alefli gegn því pólitíska ofbeldi, sem hér hefir verið framið. Þer jafnframt að hafa það í huga, að bankarnir eru hyrningarsteinar fjármálakerfisins og heilbrigð bankastarfsemi frumskilyrði þess, að þjóðin geti notið trausts hjá erlendum bönkum, og er því stórhættulegt fyrir þjóðina að gera bankana að pólitísku bitbeini.

SALA SJÁVARAFURÐA.

Svo sem kunnugt er, hefir sú skipan verið á sölu sjávarafurða á erlendum markaði, að samtök útvegsmanna sjálfra hafa annast söluna. Kommúnistár hafa oft ráðist mjög óvægilega á þessi sölu-samtök útvegsmanna; er það einkum sölusamband íslenskra fisk-framleiðenda, sem hefir verið kommúnistum þyrnir í augum og hafa forustumenn þessara samtaka oft verið sakaðir um margvíslegt misferli og jafnvel glæpsamlegt athæfi í sambandi við sölu salt-fisks. Hafa einnig ýmsir Framsóknarmenn tekið undir þennan áróður og talið óhæfilegt, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefði einkarétt til sölu á saltfiski á erlendum markaði.

Svo sem vænta mátti, var það því eitt af stefnumálum ríkis-stjórnarinnar að breyta tilhögun á sölu sjávarafurða. Lagði sjávarútvegsmálaráðherra frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi, sem auglýst var í málögnum ríkisstjórnarinnar sem mikið umbótamál. Þegar frumvarpið var rannsakað til hlýtar, kom hinsvegar það kyn-lega í ljós, að í frumvarpinu sjálfu fólst blátt áfram ekkert nýtt. Að vísu er þar gert ráð fyrir skipun þriggja manna nefndar, er sé ráðherra til ráðuneytis um sölu og útflutning sjávarafurða, og má engar sjávarafurðir bjóða til sölu erlendis nema að fengnu leyfi nefndarinnar. Er auðvitað jafnframt gert ráð fyrir því, að þessi nýja nefnd ráði sér tilheyrandi starfslið. En samkvæmt eldri lögum um þetta efni hafði ráðherra allt það sama vald og honum er veitt með þessum nýju lögum.

Sjálfstæðismenn snérust gegn þessu stjórnarfrumvarpi. Bentu þeir með skýrum rökum á það, að í frumvarpinu fælist ekkert nýtt. Stjórnarliðar töldu Sjálfstæðismenn ekki sjálfum sér samkvæma, að snúast gegn frumvarpinu, úr því að þeir héldu þessu fram. En sú röksemd stjórnarliðsins er haldlaus. Auðvitað er löggjöf, sem ekkert nýtt felur í sér þarflaus, en það sem þó fyrst og fremst olli andstöðu Sjálfstæðismanna, var sú yfirlýsing í greinargerð frumvarpsins, að ráðherra ætlaði sér að breyta skipulagi afurðasölnunnar, hvort sem yfirgnæfandi meirihluti útvegsmanna óskaði eftir, að núverandi skipulag héldist, eða ekki.

Í sambandi við þetta mál fékk ríkisstjórnin eftirminnilega hirtingu, því um sama leyti og málið var til meðferðar á Alþingi, ákváðu allir útflytjendur saltfisks í landinu, einnig Samband ísl. samvinnufélaga, að fela Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda áfram að annast sölu á saltfiski sínum. Var afstaða S.Í.S. sérstakt áfall fyrir sjávarútvegsmálaráðherra, því að hann hafði einmitt á Alþingi rökstutt nauðsyn breytingarinnar með því, að jafn stór útflytjandi og S.Í.S. væri óánægður með núverandi skipan saltfisksölnunnar. Svöruðu útflytjendur jafnframt á þennan hátt eftirminnilega niðskrifum Þjóðviljans um þessi sölusamtök útvegsmanna.

SKATTAR OG TOLLAR.

Svo sem greinir í kaflanum um fjárlög, voru framlengd öll þau lagaákvæði, sem í gildi hafa verið frá ári til árs um ýmsa tekjustofna ríkissjóðs. Er hér bæði um að ræða söluskattinn, tollvörugjald, eignaukaskatt og fleiri gjöld.

Í því skyni að draga úr óánægju almennings yfir hinum miklu álögum um síðustu áramót, flutti ríkisstjórnin tvö frumvörp, annað um lækkun tekjuskatts af lágtekjum og hitt um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Samkvæmt lögnum um lækkun tekjuskatts af lágtekjum, skal lækkaður um þriðjung tekjuskattur hjóna með 47500 kr. hreinar árs-tekjur og eitt barn á framfæri. Og jafn hár skattur annarra aðila eða lægri lækkaður á sama hátt. Skattívilnun þessi er auðvitað góðra gjalda verð, en því miður er hún meira til að sýnast, því að skattívilnun þeirra, sem undir lögin komast, verður í mesta lagi um 400 kr. Vega þau hlunnindi lítið á móti hinum miklu nýju álögum.

Í lögnum um skattfrádrátt skipverja á fiskiskipum er svo ákveðið, að allir, sem verið hafa lögskráðir á íslensk fiskiskip í þrjá mánuði á viðkomandi skattári, skuli fá 500 kr. frádrátt fyrir hvern lögskráningarmánuð við ákvörðun tekjuskatts og enn fremur er frádráttarþær hlífðarfatakostnaður togarasjómannna hækkaður um 200 kr. fyrir hvern lögskráningarmánuð, en 300 kr. hjá öðrum fiskimönnum. Samkvæmt stjórnarfrumvarpinu, eins og það var lagt fyrir þingið, var ekki ætlunin, að allir togarasjómenn nytu þessara réttinda, en vegna harðrar andstöðu Sjálfstæðismanna hvarf ríkisstjórnin frá þeim rangindum. Af hálfu Sjálfstæðismanna var á það bent, að ef það væri ætlun ríkisstjórnarinnar með þessu frumvarpi, eins og hún lét í veðri vaka, að laða menn til starfa á fiskiskipum, þá væru þessi hlunnindi allt of óveruleg til þess að geta haft áhrif í þá átt. Báru Sjálfstæðismenn fram í báðum deildum þingsins breytingartillögur um að hækka skattfrádráttinn verulega, en stjórnarliðið sameinaðist um að fella þær tillögur.

SKIPAKAUP.

Af stefnumálum ríkisstjórnarinnar, sem komu til meðferðar á þessu þingi, er raunverulega aðeins eitt, sem stefnir í umbótaátt, en það eru fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um eflingu fiskiskipaflotans, þótt vafasamt geti hinsvegar verið, hversu skynsamlega

er á þeim málum haldið.

Samkvæmt lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipa-kaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, er ríkisstjórninni heimilað að kaupa allt að 15 nýja togara og taka í því skyni allt að 150 milljón kr. lán. Ríkisstjórninni er heimilað að setja á stofn ríkisútgerð togara í því skyni, að þeir togarar leggi afla sinn á land í þeim bæjum og kaптúnunum, einkum á Vestur-, Norður- og Austurlandi, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til að kaupa og reka togara, en skortur er á atvinnu. Þeir togaranna, sem ekki verða gerðir út af þessari ríkisútgerð, skulu seldir, og lána ríkissjóður 85% af ándvirði þeirra, en þó er heimilt að lána allt að 90% til togara, sem gerðir verða út á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Þá er ríkisstjórninni enn fremur heimilað að semja fyrir hönd ríkissjóðs um kaup og smíði á allt að 12 150-250 tonna fiskiskipum og taka allt að 38 millj. kr. lán í því skyni. Er heimilt að endurlána kaupendum þessara skipa allt að 80% af ándvirði þeirra. Enn er ekki vitað, að gengið hafi verið frá samningum um smíði togaranna og engin lán hafa enn fengið til þessara skipa-kaupa.

STOFNLÁN SJÁVARÚTVEGSINS.

Í sambandi við fiskiskipa-kaupin hefir stjórnarliðið mjög haldið því á lofti, að á undanförunum árum hafi ekkert verið gert til eflingar fiskiskipaflotanum. Er hér um mikla rangfærslu að ræða. Sézt það bezt af því að athuga lánveitingar Fiskveiðasjóðs Íslands á undanförunum árum. Árið 1954 lánaði Fiskveiðasjóður 9,9 millj. kr. til kaupa á fiskiskipum, sem samtals kostuðu 16,9 millj. kr. Árið 1955 lánaði sjóðurinn 14,4 millj. kr. til kaupa á fiskiskipum, sem samtals kostuðu 24,1 millj. kr. Og 1956 lánaði sjóðurinn 24,5 millj. kr. til kaupa á fiskiskipum, sem samtals kostuðu 39,5 millj. kr. Átti öll þessi endurnýjun fiskiskipa-flotans sér stað, án þess að erlend lán væru tekin í þessu skyni.

En Fiskveiðasjóður Íslands er hinsvegar fjárvana sökum þess að sívaxandi kröfur eru til hans gerðar, og fjárpörf til stofnlána vex stöðugt. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var því lofað að bæta úr fjárpörf Fiskveiðasjóðs, en efndirnar urðu harla litlar. Fyrst var lögfest frumvarp frá ríkisstjórninni um að hækka lán úr sjóðnum, án þess að sjóðnum væri séð fyrir nokkrum nýjum tekjum. Loks kom svo seint á þinginu hið margboðaða frumvarp um tekjuöflun fyrir sjóðinn. Var sú tekjuöflun eingöngu í því fólgin að leggja auknar kvaðir á sjávarútveginn sjálfan og átti á þann hátt að afla 4-5 millj. kr. nýrra tekna til sjóðsins. Var m.a. ákveðið í lögnum, að hér eftir skuli greitt útflutningsgjald af öllum sjávarafurðum, en áður hafa vissar afurðir verið undanþegnar, svo sem saltfiskur. Sjálfstæðismenn sátu hjá við afgreiðslu þessa frumvarps. Var í málgögnum ríkisstjórnarinnar reynt að halda því fram, að þessi afstaða Sjálfstæðismanna sýndi áhugaleysi á að efla Fiskveiðasjóðinn. Hér er auðvitað um hreina fjarstaðu að ræða, enda fluttu Sjálfstæðismenn á þessu þingi sérstakt frumvarp um fjáruöflun handa Fiskveiðasjóði, sem síðar mun að vikið. Sjálfstæðismenn telja hinsvegar hæpna lausn á þessu vandamáli að afla fjár til Fiskveiðasjóðs með því að skattleggja meira en þegar er gert útfluttar sjávarafurðir, er ríkið verður að greiða háar verðuppbætur á.

LANDNÁM, RÆKTUN OG BYGGINGAR Í SVEITUM.

Á Alþingi 1956 var samþykkt þingsályktun um skipun nefndar til að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán. Kristján Karlsson, skólastjóri á Hólum, var skipaður formaður nefndar þessarar, en aðrir nefndarmenn voru þeir Pétur Ottesen, Jón Pálmason, Pálmi Einarsson og Þorsteinn Sigurðsson. Samdi nefnd

Þessi frumvarp til laga um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem ríkisstjórnin lagði síðan fyrir Alþingi nú í vetur. Í þessum nýju lögum eru ýms merkileg nýmæli og hækkar árlegt framlag ríkissjóðs til þessara mála mjög verulega. Framlag til landnáms ríkisins hækkar um helming og er landnáminu ætlað að skila nýbýlingum í byggðahverfum fullræktuðu 10 ha. túni, í stað 5 ha. áður. Sömu réttinda eiga þeir að njóta, sem reisa einstaklingsnýbýli utan byggðahverfa. Þá skal leggja fram minnst $1\frac{1}{2}$ millj. kr. árlega til þess að veita nýbýlingum allt að 25 þús. kr. framlag til íbúðarhúsabygginga. Þá er í lögnum aukið starfssvið nýbýlastjórnar til þess að veita fjárhagslegan stuðning til gróðurhúsaræktunar smábýla í sveitum og til þess að koma í veg fyrir að jarðir fari í eyði. Ennfremur er nýbýlastjórn heimilað að veita fjárhagslegan stuðning, þegar um félagsbúskap á einni og sömu jörð er að ræða, og skal sú aðstoð miðast við framlag til nýbýlamanna. Eitt af stærstu nýmælum laganna er það, að landnámi ríkisins er nú ætlað að koma til aðstoðar þeim bændum, sem hafa minna tún en 10 ha., og skal úthluta þeim viðbótarframlagi við jarðræktarframlagið, sem á vantar til þess að þeir fái allt að helmingi kostnaðarins við stækkun túnanna greiddan af ríkinu. Til þessa má landnámið verja 4 millj. kr. nú í ár og 5 millj. kr. næstu 4 ár. Ríkisstjórnin spillti að ýmsu leyti upphaflegu frumvarpi millipinganefndarinnar. Auk þess var reynt að beita pólitískum bolabrögðum til þess að koma öðrum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins úr nýbýlastjórninni á þann hátt að ákveða, að fjórir nýbýlastjórnarmenn skyldu kjörnir af Alþingi, en einn skipaður af ráðherra. Stjórnarliðið treysti sér þó ekki til þess að framfylgja þessari fyrirætlan sinni, en Framsóknarmenn munu þó hafa verið reiðubúnir til þess. Það voru lækkuð töluvert þau framlög, er nefndin taldi nauðsynleg; þannig var framlag til íbúðarhúsabygginga á nýbýlum lækkað um $\frac{1}{2}$ millj. kr. og framlag til Byggingarsjóðs um $2\frac{1}{2}$ millj. kr. Fulltrúar Sjálfstæðismanna í landbúnaðarnefndum Alþingis töldu ljóst, að með þessum skerðingum yrði ekki hægt að veita þá aðstoð, er lögin gera ráð fyrir og lögðu því til, að upphaflegum tillögum nefndarinnar yrði fylgt. En stjórnarliðið sameinaðist um að fella þær tillögur.

FÉLAGSHEIMILI OG SKEMMTANASKATTUR.

Á undanförnum árum hafa víða um land verið reist myndarleg félagsheimili og enn er unnið að stórframkvæmdum á þessu sviði. Samkvæmt lögum um félagsheimilasjóð er gert ráð fyrir, að sá sjóður styrki byggingu félagsheimila, með því að leggja fram allt að 40% stofnkostnaðar. Aðaltekjur félagsheimilasjóðs hafa verið af skemmtanaskatti, en þessar tekjur hafa ekki nægt nema að mjög litlu leyti til þess að sjóðurinn geti veitt þá aðstoð, sem lögin gera ráð fyrir. Á Alþingi 1956 flutti Jón Kjartansson frumvarp um að auka hlutdeild félagsheimilasjóðs í skemmtanaskatti. Það frv. var afgreitt á þann veg, að ríkisstjórninni var falið að undirbúa fyrir næsta þing tillögur um auknar tekjur handa félagsheimilasjóði. Þegar alllangt var liðið á síðasta þing, án þess að bólaði á tillögum frá ríkisstjórninni, endurflutti Jón Kjartansson frv. sitt, en stjórnarliðið vildi ekki samp. frv. með þeim rökstuðningi, að tillagna væri von frá ríkisstjórninni. Loks síðast á þinginu lagði menntamálaráðherra fram frumvarp um breyting á lögum um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús, þar sem hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti er aukinn úr 35% í 50%. Er talið, að með þessari breytingu aukist hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti úr 1,9 millj. kr. á ári í 2,8 millj. kr. Er hér um verulega lagfæringu að ræða.

Í þessu sambandi skal þess getið, að fyrrv. menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, hafði í samræmi við áðurgreinda ályktun Alþingis 1956, skipað á s.l. sumri tvo menn til þess að endurskoða lög um skemmtanaskatt og félagsheimili. Er endanleg lausn málsins í samræmi við tillögur þessara manna, þeirra Ásgeirs Péturssonar og Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, en engu að síður

hafði núverandi menntamálaráðherra þann hátt á, að skipa nýja nefnd í málið, og var svo látið heita í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu, að sú nefnd hefði undirbúið málið, en þess ekki getið, að farið hefði verið eftir tillögum þeirrar nefndar, sem fyrrv. menntamálaráðh. skipaði. Er hér um að ræða heldur óviðkunnanleg vinnubrögð, sem rétt er að vekja athygli á.

HÁSKÓLI ÍSLANDS, MENNTAMÁLARÁÐ OG VÍSINDASJÓÐUR.

Sett voru ný lög um Háskóla Íslands. Var frv. að þeirri lög-gjöf samið af 5 manna nefnd, sem háskólaráð skipaði á sínum tíma, en fyrrv. menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, skipaði for-mann nefndar þessarar. Eðli málsins samkvæmt féll það í hlut núverandi menntamálaráðherra að leggja frv. þetta fyrir Alþingi, en að öðru leyti átti hann ekkert frumkvæði að málinu.

Þá var lögfest stjórnarfrumv. um Menningarsjóð og Menntamálaráð. Er ekki um nein sérstök nýmæli að ræða í þessari löggjöf, að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir sérstakri nýrri fjáröflun í Menningarsjóð og er sú fjáröflun nánar ákveðin í lögum um skemmtana-skatt og Þjóðleikhús, sem áður hefir verið minnt á. Er sú fjáröflun í því fólgin, að lagt er kr. 1,00 aukagjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, öðrum en barnasýningum, og kr. 2,00 gjald á aðgöngumiða að dansleikjum. Er gert ráð fyrir, að þessar tekjur gefi árlega 2 millj. kr. í Menningarsjóð. Skal þessum tekjum m.a. varið til þess að leggja fram fé í samræmi við ákvæði í lögum um Vísindasjóð, sem minnt verður á hér á eftir. Sjálfstæðismenn snérust gegn þessari tekjuöflun og bentu á, að hér væri verið að skattleggja ódýrustu skemmtanir almennings, að því er varðaði kvikmyndasýningarnar, og töldu að skynsamlegra væri að afla fjár-ins með því að leggja aukagjald á áfengi, svo sem lagt var til af nefnd þeirri, sem fyrrv. menntamálaráðh. skipaði til þess að undir-búa lögin um Vísindasjóð. Stjórnarliðið vildi þó ekki falla á það sjónarmið að fremur bæri að skattleggja áfengi en kvikmynda-sýningar.

Í þriðja lagi var lögfest stjórnarfrv. um Vísindasjóð. Er þar um að ræða nýjan sjóð, sem ætlað er að efla íslenskar vísinda-rannsóknir. Vísindasjóður greinist í tvær deildir, raunvísinda-deild og hugvísindadeild, og er 5 manna stjórn yfir hvorri deild sjóðsins, en að auki er sérstök 7 manna yfirstjórn sjóðsins; hún skal vera ólaunuð. Svo er látið heita í stjórnarfrv., að núver-andi menntamálaráðherra átti hugmyndina að þessari löggjöf, en sannleikur málsins er sá, að frv. var að mestu leyti samhljóða frumvarpi, er samið var af millipinganefnd, er skipuð var af Bjarna Benediktssyni, fyrrv. menntamálaráðh. Frumvarp þeirrar nefndar var þó að ýmsu leyti skynsamlegra en frv. það, sem mennta-málaráðherra lagði fyrir Alþingi, m.a. tillögurnar um fjáröflun, tillögur um skiptingu fjár milli deilda sjóðsins, og loks var ekki gert ráð fyrir í frv. þeirrar nefndar, að stjórn sjóðsins yrði pólitískt skipuð, svo sem lögfest var eftir tillögum núverandi menntamálaráðherra.

ÝMS LÖG OG ÞINGSÁLYKTANIR.

Hér á eftir verður í stuttu máli skýrt frá öðrum helztu lögum og þingsályktunum, sem síðasta Alþingi samþykkti.

Þingsályktun um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt af félagsmála-ráðherra, að undangengnu óvenjulegu auglýsingaskrumi.

Var látið líta svo út sem félagsmálaráðherra átti með tillögu þessari frumkvæði að alveg sérstökum réttarbotum konum til handa. Í umræðum um málið á Alþingi var sýnt fram á það af hálfu Sjálf-stæðismanna, að hér væri ráðherrann að reyna að gera úlfalda úr mýflugu, því að sannleikur málsins er sá, að fyrsta ályktun Alþingis í þessu máli er þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi

1954, samkvæmt tillögum 7 þingmanna Sjálfstæðisflokksins, þar sem ríkisstjórninni var falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að auðið væri að fullgilda umrædda alþjóðasamþykkt. Var það þá skoðun flestra þingmanna, að eigi væri rétt að fullgilda samþykktina fyrr en launajafnrétti væri á komið. Að vísu hefir margt áunnizt síðan í þá átt, en einu afskipti núverandi félagsmálaráðherra af þessum málum, síðan hann tók við sínu embætti, er að beita sér fyrir því, að samþykktin verði staðfest, þótt Ísland uppfylli ekki enn þau skilyrði, sem gert er ráð fyrir í samþykktinni. Var í tillögu félagsmálaráðherra meira að segja ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum aðgerðum af ríkisstjórnarinnar hálfu, til þess að samþykktin kæmist í framkvæmd, og var nokkur tregða af hálfu stjórnarliðsins á að samþykkja breytingartillögu frá Ragnhildi Helgadóttur þess efnis, að ríkisstjórninni væri falið að beita sér fyrir því að gera hið fyrsta ráðstafanir til þess að samþykktin komist í framkvæmd hér á landi.

Afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Samþykkt voru bráðabirgðalög, sem félagsmálaráðherra gaf út á s.l. sumri um bann við því, að

íbúðarhúsnæði væri tekið til annarra nota en íbúðar. Sjálfstæðismenn bentu á, að þótt réttlætanlegt gæti verið, í vissum tilfellum, að setja slíkt bann, þá væri fráleitt með öllu að heimila ekki vissar undantekningar. Þar ábendingar Sjálfstæðismanna voru þó ekki teknar til greina, en heimilt er ráðherra að undanþiggja kaupstaði algjörlega ákvæðum laganna, ef þar er ekki um að ræða skort á íbúðarhúsnæði. Brot á lögum þessum getur varðað sektum, allt að 1 millj. kr. og er það einstakt sektarákvæði í íslenskum lögum.

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Til þess að auka áhrif kommúnista á stjórn atvinnu-

leysistryggingarsjóðs og koma Sjálfstæðismanni úr stjórn sjóðsins, var sú breyting gerð á lögum um atvinnuleysistryggingar, að tveir stjórnarmenn skyldu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands í stað eins áður. Er hér um að ræða brot á samkomulagi, sem gert var við lausn verkfallsins 1955, en stjórnarliðið lét sig það að sjálfsögðu engu skipta.

Lög um að banna hnefaleika.

Samþykkt var frv. Kjartans J. Jóhannssonar og Gísla Guðmundssonar

um að banna hnefaleika. Samkvæmt lögum þessum er bönnuð öll keppni og sýning á hnefaleik og ennfremur er bannað að kenna hnefaleik.

Lög um lax- og silungsveiði.

Lögfest var nú frv. það um lax- og silungsveiði, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi og var þá ekki

útrætt. Er hér um mikinn lagabálk að ræða, sem ekki eru tók á að rekja í einstökum atriðum. Þess skal aðeins getið, að eigi má veiða lax í sjó og eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 20. september ár hvert. Þó má laxveiði hvergi lengur stunda en þrjá mánuði. Göngusilung má einungis veiða frá 1. apríl til 20. september.

Á þessum veiðitíma skal lax- og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði annarri en stangar eiði 84 stundir á hverri viku, frá föstudagskvöldi kl. 9 til þriðjudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðd. til kl. 9 árdegis, og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árd. og aldrei lengur en 12 klukkustundir á sólarhring hverjum. Þá eru í lögnum ítarleg ákvæði um fiskirækt, um veiðifélög, klak og uppeldisstöðvar, stjórn veiðimála o.fl. Í afstöðu til málsins skiptust menn ekki eftir flokkum.

Lög um breytingar á sjúkrahúsalögum.

Peir Steingrímur Steinþórsson og Jón Sigurðsson fluttu frv. um að hækkuð yrði í

1500 íbúatala þeirra bæjarfélaga, þar sem ríkissjóður greiddi allt að 2/3 kostnaðar við að reisa almenn sjúkrahús og læknisbústaði. Frumvarpið var samþykkt með þeirri breytingu, að hámarkið var ákveðið 3000 íbúar.

Lög um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.

Það hefir verið mikið áhugamál kirkjunnar manna að fá sett lög um þetta efni. Var frumvarp um kirkjuþing og

kirkjuráð lagt fram á næstsíðasta þingi, en nú lögfest. Samkvæmt þessum lögum skal kirkjuþing íslensku þjóðkirkjunnar haldið í Reykjavík annað hvert ár og má standa í allt að tvær vikur hverju sinni. Á kirkjuþingi eiga sæti 15 fulltrúar, 14 kjörnir í 7 kjördæmum, og 1 af guðfræðideild Háskóla Íslands. Ennfremur eiga þar sæti biskup og kirkjumálaráðherra. Kjósa prófastar og prestar helming hinna 14 kirkjuþingsmanna, en sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar hinn helminginn. Ríkissjóður greiðir kostnað við kirkjuþing. Kirkjuþing hefir rétt til að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar og hefir ráðgjafarvald og tillögurétt um öll þau mál, er kirkjur, prestastétt og söfnuði landsins varða. Kirkjuráð skipa 5 menn, biskup landsins og fjórir kjörnir af kirkjuþingi.

Fasteignaskattur.

Samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar var samþykkt sú breyting á lögum um fasteignaskatt, að hér eftir skuli oddvitar eða

bæjarstjórar innheimta skattinn, en ekki lögreglustjórar. Sjálfstæðismenn greiddu yfirleitt atkvæði gegn þessu frv. á þeim grundvelli, að ekki væri fært að bæta þessum auknu störfum á oddvitana, sem væru mjög lágt launaðir og hefðu nógum öðrum störfum að sinna.

Eftirlit með skipum.

Samþykkt var sú breyting á lögum um eftirlit með skipum, að á hverju þilfarskipi skuli vera gúmbjörgunarbátur, auk

annarra björgunartækja.

Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Samþykkt voru ný lög um tunnuverksmiðjur ríkisins. Er þar efnislega ekki um nein nýmæli að ræða

önnur en þau, að ríkisstjórninni er heimilað að byggja og starfrækja þriðju tunnuverksmiðjuna á Austur- eða Norð-Austurlandi, ef nauðsynlegt þykir.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1957.

Samþykkt var í samræmi við venju undanfarinna ára, að

reglulegt Alþingi 1957 skuli koma saman 10. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Skipan innflutnings- og gjaldeyrismála.

Staðfest voru bráðabirgðalög um, að

stjórn Innflutningsskrifstofunnar skyldi skipuð 4 mönnum í stað 2 áður.

Hlutafélög.

Samþykkt var frv. frá uppbótarþingmanni Alþýðubandalagsins, Geir Gunnarssyni, þess efnis, að ákvæði hlutafélagalaga um takmörkun á atkvæðis-

rétti einstakra hluthafa í hlutafélagi skyldu ekki ná til hlutabréfaeignar ríkisins, ríkisstofnana, sveitarfélaga, stofnana þeirra, eða samvinnufélaga. Af hálfu Sjálfstæðismanna var á það bent, að ósæmlegt væri með öllu að láta slíka breytingu gilda um félög, sem stofnuð hefðu verið fyrir gildistöku þessarar

breytingar á hlutafélagalögnum, og flutti Bjarni Benediktsson breytingartillögu til þess að taka af öll tvímæli um þetta. Það undarlega gerðist, að þessi breytingartillaga var felld af stjórnarliðinu, en engu að síður gerðu margir stjórnarsinnar þá grein fyrir atkvæði sínu, að þeir teldu ekki koma til mála, að frumvarpið gæti náð til hlutafélaga, sem stofnuð hefðu verið fyrir gildistöku laganna. Er því ótvírætt, að meirihluti Alþingis er þeirrar skoðunar, en það sýnir bezt ofstaki stjórnarliðsins að geta ekki einu sinni fallizt á að samþykkja breytingartillögu frá stjórnarandstöðunni, sem er í samræmi við þeirra eigin skoðun á málinu.

Vetrarflutningar á mjólkurframleiðslusvæðum.

Samþykkt var einróma þingsályktunartillaga frá fjár-

veitinganefnd um að fela ríkisstjórninni að láta, í samráði við vegamálastjóra, athuga, hvernig hægt sé á hagkvæmastan og öruggastan hátt að halda uppi nauðsynlegum flutningum á mjólkurframleiðslusvæðum, þegar snjóalög eru.

Endurheimt íslenzkra handrita.

Samþykkt var einróma þingsályktunartillaga frá þeim Pétri Ottesen og Sveinbirni Högnasyni

um að skora á ríkisstjórnina, í samræmi við fyrri samþykktir um endurheimt íslenzkra handrita úr dönskum söfnum, að beita sér fyrir því við dönsk stjórnarvöld að skilað verði íslenskum handritum, sem héðan hafa borizt og geymd eru í dönskum söfnum.

Fiskirannsóknir á Breiðafirði.

Samþykkt var þingsályktunartillaga frá Friðjóni Þórðarsyni og Sigurði Ágústssyni um að

skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma fiskirannsóknir á Breiðafirði og innfjörðum hans svo fljótt sem við verður komið vegna annarra rannsókna, sem nú er unnið að.

Flugvélakaup.

Samþykktar voru einróma tvær þingsályktunartillögur frá ríkisstjórninni, önnur um að veita Flugfélagi Íslands ríkisábyrgð fyrir erlendu láni, er jafngildi allt að 2/3 hlutum af kaupverði tveggja flugvéla með fylgifé, þó eigi hærri fjárhæð en samtals 33 millj. kr., og hin um að veita Loftleiðum ríkisábyrgð fyrir láni einnig til kaupa á tveimur flugvélum, er jafngildi allt að 70% af kaupverði flugvélanna, en þó eigi hærri fjárhæð en 53 millj. kr.

Jarðgöng og yfirbygging á fjallvegum.

Samþykkt var þingsályktunartillaga frá þeim Sigurði Bjarnasyni og Kjartani J.

Jóhannssyni um að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, í samráði við vegamálastjóra rannsókn á möguleikum jarðgangagerðar og yfirbyggingar á fjallvegum, sem liggja svo hátt eða eru svo ótryggir að þeir eru aðeins opnir til umferðar nokkurn hluta árs.

Leirverksmiðja í Dalasýslu.

Samþykkt var þingsályktunartillaga frá Friðjóni Þórðarsyni um að skora á ríkisstjórnina að láta nú

þegar fullrannsaka, hvort hagkvæmt muni vera að reka leirverksmiðju í Dalasýslu. Jafnframt skyldi gera athugun á því, hvar leirlög séu í landinu, sem bezt henta til leiriðnaðar í stórum stíl.

Jarðboranir í Vestmannaeyjum.

Þeir Jóhann Þ. Jósefsson og Karl Guðjónsson fluttu þingsályktunartillögu um að heimila ríkis-

stjórninni að greiða að hálfu á móti Vestmannaeyjabæ kostnað við jarðboranir til öflunar neyzluvatns í Vestmannaeyjum, allt að 500 þús. kr. Tillagan var efnislega samþykkt, en hámark framlags-

ins lækkað í 250 þús. kr.

Embættisbústaðir héraðsdýralækna.

Sett voru lög um embættisbústaði héraðsdýralækna, samkvæmt frv., sem flutt var af landbúnaðarnefnd efri deildar eftir ósk landbúnaðarráðherra, en frumvarpið var samið í samræmi við óskir yfirdýralæknis og formanns Dýralæknafélags Íslands. Er svo ákveðið í þessum nýju lögum, að ríkisstjórnin skuli, þar til fullnægt sé húsnæðisþörf héraðsdýralækna, láta byggja eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, íbúðarhús handa héraðsdýralæknum.

Lög um búfjárrækt.

Sett voru ný lög um búfjárrækt. Er það mikill lagabálkur. Var frv. flutt af landbúnaðarnefnd neðri deildar, samkvæmt beiðni Búnaðarfélags Íslands. Ekki munu þó vera í þessum lögum mjög veigamiklar breytingar frá gildandi lögum um þetta efni, að öðru leyti en því, að framlag ríkisins til ráðunautastarfseminnar hækkar úr 2/5 í helming árslauna, og framlag ríkisins til stofnunar sæðingarstöðva hækkar úr 15 þús. kr. í 30 þús. kr. Nokkrar frekari hækkanir eru á framlögum ríkisins til þessarar starfsemi.

Eyðing refa og minka.

Sett voru ný lög um eyðingu refa og minka. Miða þau lög að því að koma betra skipulagi á baráttuna gegn þessum skaðræðisdýrum. Eru hækkuð allverulega verðlaun fyrir að vinna refi eða minka þ.e. að fyrir hverja tófu eru greiddar kr. 350,00, en fyrir hvern mink kr. 200,00. Nokkur ágreiningur varð um það, hvernig eitrun skyldi hagað.

Ýms mál.

Sett voru ný lög um dýravernd. Þá var tollskrárlögum breytt nokkuð, sem jafnan er gert öðru hverju með hliðsjón af fenginni reynzlu. Var m.a. breytt framkvæmd heimildar til að undanþiggja aðflutningsgjöldum bifreiðar handa fötluðum og lömuðum. Er tala slíkra undanþágubifreiða takmörkuð við 50 bifreiðar á ári og þriggja manna nefnd úrskúrðar beiðnirnar. Þá eru lækkuð aðflutningsgjöld af hljóðfærum, en um það efni hafa þeir Sigurður Bjarnason og Gunnar Thoroddsen flutt sérstakt frumvarp. Samþykkt var þingsályktunartillaga um innflutning véla í fiskibáta í því skyni að stuðla að kaupum hentugra véla, tryggingu varahluta og leitast við að finna ráð til þess að koma í veg fyrir óhóflega kappsiglingu fiskibáta á mið. Samþykkt var þingsályktunartillaga um að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp um sameign fjölbýlishúsa, þingsályktun um að skora á ríkisstjórnina að athuga möguleika á því að koma á samvinnu ýmissa félagsamtaka, til þess að koma á fót og reka vinnuhæli fyrir öryrkja, þingsályktun um endurskoðun lagaákvæða um löggæzlu á samkomum og þjóðvegum, þingsályktun um tilraunir með ný samgöngutæki á eyðisöndum Shaftafellssýslu, þingsályktun um endurskoðun hjúkrunarkvinnalaga og laga um Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands, þingsályktun um athugun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum, þingsályktun um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns, þingsályktun um dráttarbraut á Seyðisfirði, þingsályktun um athugun á nauðsyn aðstoðar til bændur vegna fjárskipta í Dala- og Strandasýslu þingsályktun um árstíðabundinn iðnað og þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Síldarbræðsluna h.f., til kaupa á vélum í síldarverksmiðjur félagsins á Seyðisfirði og til endurbóta á verksmiðjunni. Ennfremur lög um nokkra aukningu orlofs.

Deilan um kjörbréf Eggert Þorsteinssonar.

Í sambandi við störf síðasta Alþingis er ekki hægt að komast hjá að minnast á deilu þá, sem varð um kjörbréf Eggert Þorsteinssonar. Hann var í fjórða sæti á lista Alþýðuflokksins í Reykjavík við síðustu þingskosningar. Þegar Haraldur Guðmundsson vék af þingi vegna skipunar í sendiherraembætti í Noregi, reis spurningin um það, hver ætti að taka sæti hans. Undir venjulegum kringumstæðum hefði ekki getað orðið neinn ágreiningur um þetta atriði, en hér stóðu menn andspenis einni afleiðingu af kosningabraski Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins, því að Rannveig Þorsteinsdóttir var í 3. sæti á listanum og því raunverulega 1. varapingmaður Alþýðuflokksins í Reykjavík. Þar sem Alþýðuflokkurinn mun ekki hafa kært sig um, að Framsóknarmaður kæmi á þing sem fulltrúi Alþýðuflokksins í Reykjavík, var gripið til þess ráðs, að láta Rannveigu Þorsteinsdóttur segja af sér þingmennsku. Þar sem hræðslubandalagsmenn höfðu byggt kosningasamstarf sitt á lögbrotum, hlaut það atferli að leiða til áframhaldandi lögbrota af þeirra hálfu og því eigi að undra, þó að þeir létu sig stjórnarskrárákvæði um varapingmenn engu varða, en hlutur kommúnista var nokkru lakari eftir allt, sem þeir höfðu um kosningabraskið sagt. Hér reyndist þó svo sem oftast, að þeir létu það ekki á sig fá að kyngja öllum fyrri yfirlýsingum, þótt þeir hefðu nokkra tilburði til þess að sýnast í þessu máli.

Yfirkjörstjórnin í Reykjavík treystist ekki til að gefa út kjörbréf handa Eggert Þorsteinssyni vegna þeirra ákvæða stjórnarskrárinnar, að kjörnir varamenn á lista skyldu eigi vera fleiri en kjörnir aðalmenn og Alþýðuflokkurinn átti því aðeins rétt á einum varapingmanni, þeim, sem skipaði 3. sæti á listanum. Þessari synjun yfirkjörstjórnar á að gefa út kjörbréf var skotið til Alþingis og þess krafist af fulltrúum Framsóknarmanna og Alþýðuflokksins, að kosning Eggerts Þorsteinssonar yrði engu að síður tekin gild. Sjálfstæðismenn bentu á það, að þótt þeir hefðu ekkert á móti Eggert Þorsteinssyni persónulega, þá væri hér um tvímálalaust stjórnarskrárbrót að ræða og því hlytu þeir að greiða atkvæði gegn þingsetu Eggerts. Á þessu stigi málsins vildu kommúnistar heldur ekki styðja lögleysur hræðslubandalagsins og var því kosningin ekki tekin gild. En þeir hræðslubandalagsmenn voru ekki af baki dottnir, og var nú leitast við að finna einhverjar útgöngudyr fyrir kommúnista, til þess að þeir gætu stutt lögleysurnar. Var næst gripið til þess ráðs að flytja þingsályktunartillögu af hálfu ríkisstjórnarinnar um, að Alþingi ályktaði, að yfirkjörstjórninni bæri að gefa út kjörbréf handa Eggert Þorsteinssyni. Sjálfstæðismenn bentu á, að með þessari tillögu, ef samþykkt yrði, væri Alþingi að fyrirskipa yfirkjörstjórninni í Reykjavík að brjóta stjórnarskrána, en nú höfðu kommúnistar verið beygðir og þessi þingsályktunartillaga var samþykkt. Yfirkjörstjórnin í Reykjavík gaf síðan út kjörbréf handa Eggert Þorsteinssyni með skírskotun til þessarar þingsályktunar, og var þingseta hans að lokum samþykkt af stjórnarliðinu. Eftir að allt þetta var um garð gengið, kom svo málið enn til kasta Alþingis á þann hátt, að ríkisstjórnin flutti frv. um breyting á lögum um kosningar til Alþingis þess efnis, að varamenn þingmanna í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skuli taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamaður sæti, sem næstur er á listanum og ekki var áður varamaður. Er loks ákveðið, að varamenn fyrir þá Alþingismenn, er kjörnir voru í alþingiskosningum 24. júní 1956, skuli taka sæti á Alþingi samkvæmt þessum reglum. Sjálfstæðismenn greiddu atkvæði gegn þessu frumvarpi. Ekki vegna þess að þeir telji þá skipan, sem frv. gerði ráð fyrir út af fyrir sig óeðlilega, heldur vegna hins, að það er tvímálalaust, að þetta ákvæði brýtur í bág við fyrirmæli stjórnarskrárinnar um kjör varamanna, og þeim ákvæðum verður ekki breytt með almennum lögum.

Þótt það skipti auðvitað litlu máli, hvort Eggert Þorsteins-son eða Rannveig Þorsteinsdóttir taki sæti á Alþingi, þá er hitt mjög alvarlegt, að ríkisstjórnin sjálf skuli hafa frumkvæði um að brjóta skýlaus ákvæði sjálftrar stjórnarskrár lýðveldisins, og raunverulega meirihluti Alþingis taki sér það vald að lög-gilda menn til þingsetu, þótt þeir alls ekki hafi verið til þess kjörnir.

ÞINGMÁL SJÁLFSTÆÐISMANNA.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu mörg frumvörp og þings-ályktunartillögur á þessu þingi, en yfirleitt náði ekkert þessara mála fram að ganga. Lét stjórnarliðið sig engu varða, þótt um hin þörfustu mál væri að ræða, og beitti meirihlutavaldi til þess að koma í veg fyrir, að mál Sjálfstæðismanna næðu fram að ganga. Engu að síður er það tvímælalaust, að fyrir baráttu Sjálfstæðis- manna tókst að koma fram ýmsum lagfæringum á frumvörpum, sem ríkis- stjórn sjálf beitti sér fyrir. Raunar má segja, að óbreyttir þingmenn stjórnarliðsins hafi búið við litlu betri kjör en stjórnar- andstaðan, því að nær engin frumvörp voru samþykkt önnur en þau, sem ríkisstjórnin sjálf flutti eða þingnefndir eftir hennar ósk.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir þeim málum, sem Sjálfstæðismenn fluttu á síðasta þingi og eru málin tekin í þeirri röð, sem þau voru flutt á Alþingi.

Eftirgjöf ópurrralána.

Ingólfur Jónsson og Sigurður Ó. Ólafsson fluttu þingsál. tillögu um að breytt yrði í óafturkræf framlög láni að upphæð rúmar 12 millj. kr., sem veitt var til bænda vegna ópurrrka á Suð-vesturlandi sumarið 1955. Þessi till. var ekki afgreidd, en var tekin upp sem breyt. till. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og sameinaðist þá stjórnarliðið um að fella tillöguna.

Fiskveiðasjóður Íslands.

Jóhann Hafstein, Sigurður Ágústsson, Björn Ólafsson, Kjartan J. Jóhannsson og Magnús Jónsson fluttu frv. um þá breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, að framlag ríkissjóðs skyldi vera 12 millj. kr. á ári. Fiskveiðasjóður Íslands hefir nú starfað í 50 ár og hafa tekjur hans á þessu tímabili numið rúmum 100 millj. kr., en allt til 1954 hefir meginhluti starfsfjár sjóðsins komið frá sjávarútveginum sjálfum. Árlegt framlag ríkissjóðs nú eru 2 millj. kr., sem tókst að fá tekið í fjárlög fyrir tveimur árum síðan fyrir harða baráttu Sjálfstæðismanna. Ennfremur voru sjóðnum lagðar af greiðsluafgangi ríkissjóðs 8 millj. kr. árið 1954 og 10 millj. kr. árið 1955. Var því með þessu frv. raunverulega aðeins verið að lögfesta sama framlag og var árið 1955. Stjórnarliðið sameinaðist um að samþykkja að vísa frv. þessu til ríkisstjórnarinnar með þeirri röksemd, að samilega vel væri séð fyrir fjárframlögum til sjóðsins.

Aðstoð til holræsagerðar.

Ingólfur Jónsson og Magnús Jónsson fluttu frv. um aðstoð til holræsa-gerðar. Er í því frv. gert ráð fyrir samskonar aðstoð til holræsagerðar eins og nú er veitt sveitarfélögum til þess að koma upp vatnsveitum.

Iðnlánasjóður.

Magnús Jónsson og Jóhann Hafstein fluttu tvö frumvörp um eflingu Iðnlánasjóðs. Var annað um að tvöfalda árlegt ríkisframlag til sjóðs- ins, en hitt um, að helmingur af tollvörugjaldi skuli renna til Iðnlánasjóðs. Myndu árlegar tekjur sjóðsins þá geta orðið 5-6 millj. kr. Sem kunnugt er, er Iðnlánasjóður eini stofnlánasjóður

iðnaðarins í landinu, en vegna fjárskorts er sjóðurinn þess alls ekki umkominn að veita nein lán til meiriháttar stofnframkvæmda í iðnaðinum. Hvorugt þessara mála náði fram að ganga. Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga tókst að fá 1 millj. kr. viðbótarframlag til Iðnlánasjóðs.

Jafnvægi í byggð landsins.

Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Ágústsson og Jón Sigurðsson fluttu frv. til l. um

ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Hefir frv. um þetta efni verið flutt af Sjálfstæðismönnum á þremur þingum og á næstsíðasta þingi var auk þess flutt frv. af fyrrverandi ríkisstjórn á grundvelli tillagna nefndar þeirrar, sem vann að því að athuga og gera tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir í þessu skyni. Frv. það, sem fyrrv. ríkisstjórn flutti, dagaði þó uppi í lok næstsíðasta þings, þar eð Framsóknarmenn settu fótinn fyrir málið. Frv. það, sem nú var flutt, samræmdi meginefni tveggja áðurgreindra frumvarpa. Megintilgangur þessa frv. er að koma föstu skipulagi á ráðstafanir ríkisvaldsins til atvinnuuppbyggingar á þeim stöðum á landinu, þar sem við atvinnuörugleika er að stríða og reyna þannig að tryggja það, að því fé, sem hverju sinni er veitt til atvinnuaukningar, verði varið á skynsamlegan og réttlátan hátt. Í frv. er gert ráð fyrir 15 millj. kr. árlegu framlagi ríkissjóðs næstu 5 árin, en úr því 5 millj. kr. framlagi á ári og auk þess fái Jafnvægissjóður til eignar skuldabréf fyrir þeim lánum, sem þegar hafa verið veitt af fé til atvinnuaukningar. Stjórnarliðið samþykkti að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar og var málið þar með úr sögunni á þessu þingi.

Tollur af hljóðfærum.

Sigurður Bjarnason og Gunnar Thoroddsen endurfluttu frv. sitt um, að felld skyldu niður öll aðflutningsgjöld af

hljóðfærum. Frv. náði enn ekki fram að ganga, en í sambandi við tollskrárbreytingar þær, sem áður er að vikið, var ákveðið að lækka aðflutningsgjöld af hljóðfærum allverulega.

Jarðgangagerð og yfirbygging á fjallvegum.

Tillaga Sigurðar Bjarnasonar og Kjartans J. Jóhannssonar

um þetta efni var samþykkt, og er gerð nánari grein fyrir málinu í kaflanum um afgreidd mál frá Alþingi.

Leirverksmiðja í Búðardal.

Tillaga Friðjóns Þórðarsonar um þetta efni var samþykkt. Er gerð nánari grein fyrir málinu í

kaflanum um afgreidd mál frá Alþingi.

Bann gegn hnefaleikum.

Frumvarp Kjartans J. Jóhannssonar og Gísla Guðmundssonar um þetta efni var afgreitt sem lög, og er gerð nánari grein fyrir málinu í kaflanum um afgreidd mál frá Alþingi.

Bifreiðaskattur o.fl.

Kjartan J. Jóhannsson flutti frv. um þá breyt. á lögnum um bifreiðaskatt, að 5 aurar af benzínjaldi skyldu

ganga til þess að malbika eða steypa vegi í kaupstöðum og kaupstúnum, en viðkomandi sveitarsjóðir skyldu leggja jafnháa upphæð á móti. Frv. var ekki afgreitt úr nefnd.

Tekju- og eignarskattur.

Ragnhildur Helgadóttir flutti frv. þess efnis, að gjafir til kirkna og ýmissa menningarstofnana skuli

vera skattfrjálssar, ef þær fara ekki fram úr 15% af nettótekjum gefenda, enda hafi skattyfirvöldum borizt tilkynningar um gjaf-

irnar frá þeim aðilum, sem þær hafa þegið. Frv. var ekki afgreitt úr nefnd.

Útsvör. Jafnhliða síðastnefndu frumvarpi flutti Ragnhildur Helgadóttir hliðstætt frv. um breytingu á útsvarslögum um útsvarsfrelsi samskonar gjafa. Það frumvarp var heldur ekki afgreitt.

Bygging hraðfrystihúsa. Kjartan J. Jóhannsson flutti ásamt þeim Birni Jónssyni, Friðjóni Skarphéðinssyni, Emil Jónssyni og Björgvini Jónssyni till. til þál. um að hækka ábyrgðarheimild ríkissjóðs vegna byggingar hraðfrystihúsa úr 60% upp í 80% af kostnaðarverði. Stjórnarliðarnir, sem að till. stóðu, sýndu hinsvegar lítinn áhuga á afgreiðslu hennar. Tóku fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd málið upp við afgreiðslu fjárlaga og fluttu þá tillögu um umrædda hækkun ríkisábyrgðarinnar, en stjórnarliðið sameinadist um að fella tillöguna. Ekki einu sinni flutningsmenn þessarar tillögu úr stjórnarliðinu greiddu atkvæði með henni.

Endurskoðun varnarsamningsins. Um endurskoðun varnarsamningsins var rætt í trúnaðarbréfi í febrúar, en allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins stóðu að flutningi tveggja þingsályktunartillagna um það mál; var önnur þess efnis, að kosin skyldi 5 manna nefnd í Sameinuðu þingi til samningagerða við Bandaríkin, undir forustu utanríkisráðherra, en hin um, að Alþingi lýsti yfir þeirri skoðun sinni, að vegna hins alvarlega ástands í alþjóðamálum, væri nauðsynlegt að tryggja varnir landsins, en jafnframt verði bætt úr þeim göllum, sem fram hafi komið á varnarsamningnum. Báðar þessar tillögur felldi stjórnarliðið.

Ungverjalandssöfnun. Gunnar Thoroddsen og sjö aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu í flokksins nafni þingsályktunartillögu um að ríkissjóður skyldi leggja fram 250 þús. kr. til Ungverjalandssöfnunar Rauða krossins. Var þessi tillaga samþykkt.

Hafnarstæði og hafnargerðir. Ásgeir Sigurðsson, sem um skeið sat á þingi sem varapingmaður í Reykjavík, flutti tvær þingsályktunartillögur, aðra um að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort ekki sé hagkvæmara fyrir ríkið og aðra þá aðila, sem hlut eiga að máli, að hafnir séu fullgerðar í einu átaki, og hina um, að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á þessu sumri athugun á hafnarstæðum á nokkrum stöðum á landinu. Hvorug þessara tillagna var afgreidd úr nefnd.

Vegalög. Sigurður Bjarnason flutti í efri deild breytingu á vegalögum og Jón Sigurðsson flutti frv. um breyt. á sömu lögum í neðri deild. Aðrir þingmenn fluttu fjölda af breytingartillögum við þessi frumvörp eða viðaukatillögur, en hvorugt þessara frumvarpa var afgreitt úr nefnd.

Eftirlitsbátur á Breiðafirði. Sigurður Ágústsson flutti tillögu til þingsál. um að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að fá hentugt skip, er annizt landhelgisgæzlu við Breiðafjörð á vetrarvertíðum og aðstoð við fiskiskip, ef með þarf. Tillagan var ekki afgreidd úr nefnd.

Fiskirannsóknir á Breiðafirði. Þeir Sigurður Ágústsson og Friðjón Þórðarson fluttu till. til þingsál. um framkvæmd fiskirannsókna á Breiðafirði, svo sem nánar er sagt frá í kaflanum um afgreidd mál frá Alþingi hér að framan.

Tekju- og eignarskattur og útsvar.

Björn Ólafsson, Jón Pálma-
son og Sigurður Ágústsson
fluttu tvö frumvörp, annað
um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, og hitt um breyt. á l. um
útsvör, þess efnis, að frádráttarbært skuli vera við álagningu
þessara gjalda veltuútsvar og eignauútsvar, sem greitt hefir verið
á árinu, og enn fremur að sú breyting væri gerð á lögum um tekju-
og eignarskatt, að félög og einstaklingar, sem hafi vinnslu sjávar-
afurða að aðalatvinnu, megi draga rekstrartap frá skattskyldum
tekjum, unz það er að fullu greitt. Hvorugt þessara frumvarpa
náði fram að ganga.

Íslensk ópera.

Ragnhildur Helgadóttir og fjórir aðrir þingmenn
Sjálfstæðisflokksins fluttu till. til þings-
ályktunar um að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að
ráðnir yrðu að Þjóðleikhúsinu 5-10 einsöngvarar og þar verði síðan
fluttir 3-4 söngleikir á hverju leikári. Þessi tillaga var ekki
afgreidd úr nefnd.

Jarðboranir í
Vestmannaeyjum.

Jóhann P. Jósefsson og Karl Guðjónsson fluttu till.
til þingsál. um að skora á ríkisstjórnina að afla
sér heimildar fyrir 500 þús. kr. fjárveitingu til
að standast kostnað jarðborana til öflunar neyzlu-
vatns í Vestmannaeyjum. Tillaga þessi var samþykkt að nokkru leyti
eins og nánar var frá skýrt í kaflanum um afgreidd mál frá Alþingi
hér að framan.

Aðflutningsgjöld af fiskflökunarvélum.

Björn Ólafsson og
Sigurður Ágústsson
fluttu frumvarp um tíma
bundið afnám aðflutningsgjalda af fiskflökunarvélum. Er í því frv.
lagt til, að á árunum 1956 og 1957 skuli niður felldur verðtollur,
söluskattur og framleiðslusjóðsgjald af fiskflökunarvélum, sem
fluttar eru inn af eigendum frystihúsa, með aðstoð Framkvæmdar-
banka Íslands. Þetta frv. var ekki afgreitt úr nefnd.

Aðflutningsgjöld af dráttarvélum
og vélum í fiskiskip.

Pétur Ottesen,
Ólafur Thors og Sigurður
Ágústsson fluttu frv. um
afnám aðflutningsgjalda af
dráttarvélum og vélum í fiskiskip, þar sem lagt var til, að
þessar vélar skyldu undanþegnar öllum aðflutningsgjöldum. Þetta
frv. var ekki afgreitt úr nefnd.

Sjúkrahúsálög.

Í kaflanum um afgreidd mál frá Alþingi hér
að framan er skýrt frá afgreiðslu á frum-
varpi Steingríms Steinþórssonar og Jóns
Sigurðssonar um breyt. á sjúkrahúsálögum.

Matsveina- og veitingaþjónaskóli
og Stýrimannaskóli.

Bjarni Benediktsson flutti
tvö frumvörp, annað um
breyt. á l. um Stýrimanna-
skólann í Reykjavík, og
hitt um breyt. á l. um
Matsveina- og veitingaþjónaskóla, bæði þess efnis, að yfirstjórn
þessara skóla skuli vera í menntamálaráðuneytinu. En áður hafa
skólar þessir heyrt undir önnur ráðuneyti. Fulltrúar Sjálfstæðis-
flokksins í menntamálanefnd, sem fékk þessi frumvörp til með-
ferðar, lögðu til að frumvörpin yrðu samþykkt, en meirihlutinn
skilaði aldrei álit og málið ekki tekið á dagskrá til 2. umræðu.

Sala þjóðjarða.

Sigurður Ágústsson flutti frumvarp um heimild
fyrir ríkisstjórnina til að selja hrepps-
nefnd Eyrarsveitar í Snæfellsnessýslu eyði-
jörðina Hrafnkelsstaði. Málið var ekki afgreitt.

Skemmtanaskattur og Þjóðleikhús.

efnis, að hluti félagsheimilaskatts af skemmtanaskatti skyldi hækka úr 35% í 50%. Varðandi þetta mál sjá nánar kaflann um afgreidd mál frá Alþingi.

Jón Kjartansson flutti frv. um breyt. á l. um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús þess

Fræðsla barna.

Bjarni Benediktsson endurflutti frv. það, er hann flutti sem menntamálaráðherra á næst-síðasta þingi um þá breyt. á l. um fræðslu barna, að annars vegar þurfi til stofnunar einkaskóla að hafa meðmæli hlutaðeigandi fræðsluráðs, en hins vegar skuli fastir kennarar við þessa skóla fá greidd laun úr ríkissjóði, eftir sömu reglum og kennarar annarra barnaskóla. Sjálfstæðismenn í menntamálanefnd neðri deildar, sem hafði frv. til meðferðar, skiluðu minnihluta álit og lögðu til, að frv. yrði samþykkt, en fulltrúar stjórnarliðsins í nefndinni skiluðu engu álit, og var því frv. ekki tekið til 2. umræðu.

Bjarni Benediktsson endurflutti frv. það, er hann flutti sem menntamálaráðherra á næst-síðasta þingi um þá breyt. á l. um fræðslu

Söluskattur.

Gunnar Thoroddsen flutti frv. um hluta sveitarfélaga af söluskatti, þar sem lagt er til, að fjórði hluti skattsins renni til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skiptist síðan milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, en þó þannig, að ekkert bæjar- eða hreppsfélag fái meiri greiðslu en sem nemur 50% af álögðum útsvörum næsta árs á undan. Frv. var ekki afgreitt úr nefnd.

Gunnar Thoroddsen flutti frv. um hluta sveitarfélaga af söluskatti, þar sem lagt er til, að fjórði hluti skattsins renni til jöfnunarsjóðs

Lán til íbúðabygginga.

Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason, Ragnhildur Helgadóttir, Kjartan J. Jóhannsson og Gunnar Thoroddsen fluttu till. til þingsál. um lán til íbúðabygginga, þar sem lagt var til að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að veðdeild Landsbanka Íslands taki allt að 100 millj. kr. erlent lán, er varið verði til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis og jafnframt sé ríkisstjórninni falið að veita öðrum aðilum, sem þess kynnu að óska, leyfi eða fyrirgreiðslu til erlendrar lántöku til íbúðarbygginga. Stjórnarliðið sameinaðist um að fella þessa tillögu.

Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason, Ragnhildur Helgadóttir, Kjartan J.

Jóhannsson og Gunnar Thoroddsen fluttu

till. til þingsál. um lán til íbúðabygginga, þar sem lagt var til að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að veðdeild Landsbanka Íslands taki allt að 100 millj. kr. erlent lán, er varið verði til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis og jafnframt sé ríkisstjórninni falið að veita öðrum aðilum, sem þess kynnu að óska, leyfi eða fyrirgreiðslu til erlendrar lántöku til íbúðarbygginga. Stjórnarliðið sameinaðist um að fella þessa tillögu.

Innheimta opinberra gjalda.

Björn Ólafsson flutti till. til þingsályktunar um breyt. á innheimtu opinberra gjalda á þann veg, að ríkisstjórninni skyldi falið að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um breytingu á innheimtu skatta og annarra þinggjalda, þannig að innheimta þeirra fari fram jafnóðum og teknanna er aflað. Jafnframt verði rannsakað, hvort mögulegt sé að sameina innheimtu ríkis og bæja. Með skírskotun til þess að málið væri í rannsókn í fjármálaráðuneytinu samþykkti stjórnarliðið að vísa till. til ríkisstjórnarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd sögðust eftir atvikum geta fallizt á þessa afgreiðslu, ef fjármálaráðherra vildi lýsa yfir því við formann nefndarinnar, að nefnd hefði verið skipuð í málið. Þessi yfirlýsing fékkst aldrei og greiddu því Sjálfstæðismenn atkvæði gegn því að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar.

Björn Ólafsson flutti till. til þingsályktunar um breyt. á innheimtu opinberra gjalda á þann

veg, að ríkisstjórninni skyldi falið að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um breytingu á innheimtu skatta og annarra þinggjalda, þannig að innheimta þeirra fari fram jafnóðum og teknanna er aflað. Jafnframt verði rannsakað, hvort mögulegt sé að sameina innheimtu ríkis og bæja. Með skírskotun til þess að málið væri í rannsókn í fjármálaráðuneytinu samþykkti stjórnarliðið að vísa till. til ríkisstjórnarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd sögðust eftir atvikum geta fallizt á þessa afgreiðslu, ef fjármálaráðherra vildi lýsa yfir því við formann nefndarinnar, að nefnd hefði verið skipuð í málið. Þessi yfirlýsing fékkst aldrei og greiddu því Sjálfstæðismenn atkvæði gegn því að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar.

Öryrkjaheimili.

Ragnhildur Helgadóttir og Kjartan J. Jóhannsson fluttu frv. um heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma. Var þar lagt til, að ríkissjóður skyldi lána allt að 1 millj. kr. til kaupa á húseign, ef Geðverndarfélag Íslands ákvæði að koma á fót heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma. Allir nefndarmanna í heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar, sem fékk frv. til meðferðar, voru sammála um nauðsyn þess að koma upp slíku heimili, en samt vildi stjórnarliðið alls ekki samþykkja frumvarpið, heldur vísaði því til ríkisstjórnarinnar.

Ragnhildur Helgadóttir og Kjartan J. Jóhannsson fluttu frv. um heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma. Var þar lagt

til, að ríkissjóður skyldi lána allt að 1 millj. kr. til kaupa á húseign, ef Geðverndarfélag Íslands ákvæði að koma á fót heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma. Allir nefndarmanna í heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar, sem fékk frv. til meðferðar, voru sammála um nauðsyn þess að koma upp slíku heimili, en samt vildi stjórnarliðið alls ekki samþykkja frumvarpið, heldur vísaði því til ríkisstjórnarinnar.

Pingrof og nýjar kosningar.

Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson fluttu í umboði pingsflokksins tillögu til pingsályktunar um pingrof og nýjar kosningar, þar sem lagt var til, að Alþingi skoraði á forsætisráðherra að leggja til við forseta Íslands, að Alþingi yrði rofið og efnt til nýrra almennra þingkosninga svo fljótt sem við yrði komið og eigi síðar en í júnímánuði 1957. Útvarpsumræður urðu um pingsályktunartillögu þessa. Auðvitað þorði stjórnarliðið ekki að leggja aðgerðir sínar undir dóm þjóðarinnar og sameinaðist því um að fella þessa tillögu. Nánari röksemdir fyrir flutningi tillögunnar er að finna í trúnaðarbréfi, sem sent var út í febrúar.

Ferðamannagjaldeyrir.

Ólafur Björnsson flutti till. til pál. um ferðamannagjaldeyri, þar sem lagt var til, að Alþingi skipaði 3 manna nefnd, er undirbúi ráðstafanir til þess, að hér verði komið á sérstökum ferðamannagjaldeyri. Tillagan var ekki afgr. úr nefnd.

Þinglýsing skjala og veð.

Jón Kjartansson flutti ásamt Friðjóni Skarphéðinssyni og Karli Kristjánssyni frv. um breyt. á l. um veð og frv. um breyt. á l. um þinglýsing skjala og aflýsing þess efnis, að þinglýsing skjala skuli fara fram á bæjarþingi í kaupstöðum landsins. Þessi frumvörp voru samþykkt.

Lögreglustjóri í Bolungarvík.

Sigurður Bjarnason flutti frv. um breyt. á launum lögreglustjóra í Bolungarvík. Frumvarpið var ekki afgreitt úr nefnd.

Sérsköttun hjóna.

Ragnhildur Helgadóttir, Magnús Jónsson, Benedikt Gröndal, Jóhann Hafstein og Pétur Pétursson fluttu frv. um þá breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, að samanlögðum skattskyldum tekjum hjóna, sem samvistum eru, skuli skipta til helminga og reikna skatt af hvorum helming fyrir sig. Í samræmi við þetta var jafnframt lagt til að breyta nokkuð reglunum um persónufrádrátt. Frv. var ekki afgreitt úr nefnd.

Stækkun landhelginnar.

Pétur Ottesen flutti pingsályktunartillögu um verndun fiskimiða umhverfis Ísland þess efnis, að Alþingi lýsti yfir þeim vilja sínum, að sjávarútvegsmálaráðherra setji eigi síðar en að loknu yfirstandandi þingi Sameinuðu þjóðanna nýja reglugerð um verndun fiskimiðanna umhverfis Ísland og verði þar ákveðið, að botnvörpu- og dragnótaveiðar skuli bannaðar umhverfis allt landið innan línu, sem dregin er 12 sjómíllur frá yztu annesjum, eyjum og skerjum. Stjórnarliðið fékkst ekki til að afgreiða þessa tillögu úr nefnd.

Hæstiréttur.

Ólafur Björnsson flutti frv. um þá breyt. á lögum um hæstarétt, að engum skuli veita dómaraembætti í hæstarétti, ef hann hefir verið í frambóði við síðustu alþingiskosningar áður en embættið er veitt, og ennfremur skuli þriggja manna dómnefnd dæma um hæfni umsækjenda og sé ráðherra óheimilt að skipa mann í dómaraembætti, nema meirihluti nefndar þessarar hafi látið uppi það álit, að umsækjandi sé hæfur til að gegna embættinu. Frumvarpið var ekki afgreitt úr nefnd.

Kostnaður við skóla.

Pétur Ottesen flutti frv. um breyt. á l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, þar sem lagt er til, að ríkissjóður greiði öll kennara-

laun við skóla þessa og 90% af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði þeirra. Frv. þetta hlaut ekki endanlega afgreiðslu.

Endurheimt íslenzkra handrita.

Í kaflanum um afgreidd mál frá Alþingi er skýrt frá afgreiðslu á þingsályktunartillögu

Péturs Ottesen og Sveinbjörns Högnasonar um endurheimt íslenzkra handrita frá Danmörku.

Fiskileitarskip.

Ásgeir Sigurðsson flutti þingsályktunartillögu þess efnis, að ríkisstjórninni yrði falið að láta gera eitt þeirra 15 botnvörpuskipa, sem ákveðið er að kaupa, þannig úr garði, að það geti fullnægt þörf fyrir fullkomið fiskileitarskip. Stjórnarliðið viðurkenndi, að efni tillögunnar væri hið athyglisverðasta, en vildi þó ekki falla á að samþykkja hana og vísaði henni til ríkisstjórnarinnar.

Kirkjubyggingarsjóður.

Pétur Ottesen og Sveinbjörn Högnason fluttu frv. um þá breyt. á l. um kirkjubyggingarsjóð, að framlag ríkissjóðs til sjóðsins skuli hækkað úr $\frac{1}{2}$ millj. kr. í 1 millj. kr. á ári. Frv. var ekki afgreitt úr nefnd.

Eignarnám á afnotarétti landssvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurbreppi.

Ólafur Thors og Steingrímur Steinþórsson fluttu frv. um breyt. á l. um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og afnotarétti

landssvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurbreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar þess efnis, að undan eignarnámsheimildinni skuli skylda tilteknar landsspildur milli Engidals og Arnarnesslækjar. Frv. var ekki afgreitt úr nefnd.

Sjúkrahúsasjóður.

Sigurður Ó. Ólafsson flutti frv. um sjúkrahúsasjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn talnahappdrætti. Er þetta frv. samhljóða frv., sem fyrrv. heilbrigðismálaráðherra, Ingólfur Jónsson, flutti á næstsíðasta þingi, en þá náði ekki fram að ganga. Efni frv. er, að stofnaður skuli sjúkrahúsasjóður og í tekjuöflunarskyni fyrir sjóðinn skuli heimilt að setja á stofn svokallað talnahappdrætti. Úr sjúkrahúsasjóði skal veita styrki til þess að reisa ný sjúkrahús og á annan hátt til eflingar heilbrigðismálum landsins. Stjórnarliðið féllst á, að hugmyndin væri að ýmsu leyti athyglisverð, en vildi þó ekki fallast á að samþykkja frv., heldur vísaði því til ríkisstjórnarinnar.

Veðdeild Búnaðarbankans.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í landbúnaðarnefnd n.d. fluttu frv. þess efnis, að ríkissjóður skuli árlega næstu 10 ár leggja 5 millj. kr. til veðdeildar Búnaðarbankans og jafnframt skuli ríkissjóður taka að sér að greiða fjárhæð þá, sem veðdeildin skuldar sparisjóðsdeild bankans. Frv. þetta er samið af millipinganefnd, sem skipuð var samkvæmt ályktun frá síðasta Alþingi og endurskoðaði einnig lögin um nýbýli o.fl. Ríkisstjórnin vildi ekki fallast á að flytja þetta frv. nefndarinnar og var það þá flutt af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í landbúnaðarnefnd. Framvarpið var ekki afgreitt.

Sjómennska og skólaskip.

Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Magnús Jónsson og Kjartan J. Jóhannsson fluttu till. til þál. um athugun á því, hvernig ungir menn yrðu örfaðir til þátttöku í sjómennsku og um skólaskip. Er lagt til í tillögunni, að Alþingi

kjósi 5 manna nefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um leiðir til þess að örfa unga menn til þátttöku í sjómennsku og fiskveiðum og skuli nefnd þessi m.a. athuga möguleika á rekstri skólaskips fyrir ung sjómannaefni. Till. var ekki afgr. úr nefnd.

Efnaiðnaðarverksmiðja í Hveragerði.

Sigurður Ó. Ólafsson og
Ágúst Þorvaldsson fluttu
till. til þál. um efna-

iðnaðarverksmiðju í Hveragerði, þar sem lagt var til, að ríkisstjórnin léti athuga skilyrði fyrir staðsetningu slíkrar verkmiðju í Hveragerði. Tillagan var ekki afgreidd úr nefnd.

Sameining Áfengisverzlunar og Tóbakseinkasölu.

Magnús Jónsson og
Sigurður Bjarnason
fluttu þingsálykt-

unartillögu um að ríkisstjórninni yrði falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sameina í eitt fyrirtæki áfengisverzlun ríkisins og tóbakseinkasölu ríkisins, með hliðsjón af því, að nú væri einmitt laus forstjórastaðan hjá öðru þessara fyrirtækja. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd lögðu til, að till. þessi yrði samþykkt, en stjórnarliðið í nefndinni skilaði ekki álit og var tillagan því ekki afgreidd.

Biskupssetur í Skálholti.

Sigurður Ó. Ólafsson og Gunnar
Gíslason fluttu ásamt nokkrum þing-
mönnum úr stjórnarliðinu þingsálykt-

unartillögu um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti. Tillagan var ekki afgreidd úr nefnd.

Menntaskóli í Skálholti.

Bjarni Benediktsson og Sigurður Ó.
Ólafsson fluttu þingsál. till. um að
skora á ríkisstjórnina að athuga,

hvern kostnað mundi leiða af því að flytja Menntaskólann á Laugarvatni að Skálholti. Till. var ekki afgreidd úr nefnd.

Dráttarbraut á Akureyri.

Jónas Rafnar, sem um skéið sat á
þingi sem varþingmaður, flutti þings-
ályktunartillögu þar sem lagt var til,

að Alþingi skoraði á ríkisstjórnina að útvega og ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 10 millj. kr. lán til byggingar dráttarbrautar fyrir togara á Akureyri. Till. var ekki afgr. úr nefnd.

Sendiherra í Kaupmannahöfn.

Pétur Ottesen og Sveinbjörn Högnason
fluttu þingsál. tillögu þess
efnis, að ríkisstjórnin skyldi

ekki skipa nýja sendiherra í Kaupmannahöfn fyrr en Danir hefðu afhent Íslendingum handrit þau, er þeir eiga í Árnasafni og öðrum söfnum í Danmörku. Tillagan var ekki afgreidd úr nefnd.

FYRIRSPURNIR.

Sjálfstæðismenn báru fram allmargar fyrirspurnir til ríkisstjórnarinnar. Helztar þessara fyrirspurna má telja fyrirspurn um olíuverð og olíuflutninga, en í sambandi við þá fyrirspurn upplýstist hið stórhneykslanlega framferði ríkisstjórnarinnar að veita eigendum Hamrafells löggildingu til stórfelldasta okurs, sem þekkt hefir á Íslandi. Framsóknarmenn hafa reynt að blása upp hverskyns blekkingar í vandræðum sínum með að verja svindlið. Hafa þeir m.a. haldið því fram, að fordæming Sjálfstæðismanna á olíuokrinu sýndi fjandskap við kaup þessa myndarlega olíuskips. Er hér auðvitað um hina mestu fjarstæðu að ræða, því að raunverulega sýnir það betri hug til skipsins að ætlast til góðrar þjónustu af því fyrir þjóðina heldur en telja sjálfsagt að nota það til að okra á almenningi.

Þá var fyrirspurn um hina miklu "úttekt" á þjóðarþúinu, sem forsætisráðherra og "Tíminn" höfðu svo oft talað um að gerð hefði verið af erlendum og innlendum sérfræðingum, og lýst hafði verið fjálglega yfir, að ætti að gera "fyrir opnum tjöldum". Svör forsætisráðherra við þessari fyrirspurn voru hin aumustu og neitaði hann algerlega að leggja fram "úttektar"-skjölin.

Ennfremur var fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra um stækkun landhelginnar. Voru svör ráðherrans við þeirri fyrirspurn ein-tómár vífillengjur, enda hefir ekkert verið gert í málinu af þessari ríkisstjórn, þrátt fyrir stóryrði bæði sjávarútvegsmála-ráðherra og fleiri núverandi ráðamanna í garð fyrrv. ríkisstjórnar um hvernig hún hefði haldið á málinu.

Þá má nefna fyrirspurn til fjármálaráðherra um synjun á veitingu sérleyfis til Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga til áætlunarbílferða. Hafði sérleyfanefnd einróma mælt með leyfinu, en ráðherra synjað. Kom greinilega fram í umræðum um málið, að hér var um misbeitingu valds að ræða í pólitískum tilgangi.

Fleiri fyrirspurnir voru gerðar, er ekki gefa sérstakt til-efni til skýringar.

NIÐURSTÖÐUR.

Hér að framan hefir annarsveggar verið gerð grein fyrir þeim málum, sem endanlega voru afgreidd frá Alþingi sem lög eða þings-ályktanir, og hins vegar rakin einstök þingmál Sjálfstæðismanna. Af hálfu Sjálfstæðismanna voru auðvitað að auki fluttar fjölmargar breytingartillögur við þau frumvörp, sem urðu að lögum, en ekki er nema að litlu leyti auðið að gera grein fyrir þeim. Þá sér mið-stjórnin heldur ekki ástæðu til að rekja einstök frumvörp þing-manna stjórnarliðsins, sem ekki urðu að lögum.

Auk þingmála Sjálfstæðismanna, sem stjórnarliðið yfirleitt ekki vildi afgreiða, dögudu uppi mörg önnur þingmál, þótt þingið væri hið lengsta í sögu þjóðarinnar. Meðal óafgreiddra mála má nefna frv. til umferðalaga, er samið var af nefnd, er fyrrv. dómsmálaráðh. skipaði, og mikill lagabálkur um jarðhita, sem verið hefir í undir-búningi um nokkurra ára skeið samkvæmt þingsályktun, er flutt var á sínum tíma af nokkrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, þótt ekki sé þar með sagt, að Sjálfstæðismenn séu ánægðir með öll atriði þessa frumvarps. Ennfremur varð óafgreitt frumvarp um ríkisborgara-rétt og mörg önnur frumvörp.


Vinnubrögð öll á þessu langa þingi voru mjög ámælisverð. Mánuðum saman sat þingið aðgerðalaust, en loks, er ríkisstjórnin hafði sín stóru mál tilbúin, voru þau knúin í gegn á svo skömmum tíma, að ekki var auðið fyrir Sjálfstæðismenn að athuga þau, svo sem nauðsynlegt hefði verið. Sem dæmi um vinnubrögðin má nefna það, að á næstsíðasta degi þingsins lagði ríkisstjórnin fram þings-ályktunartillögu um aðild að kjarnorkumálastofnuninni, með langri greinargerð; neitaði þingnefnd að skila álit í málinu, þar sem enginn tími væri til athugunar á því, og var tillagan því sam-þykkt án athugunar í nefnd. Er hér auðvitað um óhæfileg vinnu-brögð að ræða, en þar sem málið er í sjálfu sér mikilvægt, vildu Sjálfstæðismenn ekki setja fót fyrir afgreiðslu tillögunnar. Mál-gögn stjórnarliðsins hafa reynt að afsaka þetta langa þinghald með tvennu: Annars vegar hafi stjórnin ekki verið mynduð fyrr en skömmu fyrir þing, og hins vegar hafi þingið verið óvenju afkastamikið. Nákvæmlega eins stóð á um aðstöðu ríkisstjórnar til málefnaundirbúnings. Sumarið 1953, því að ríkisstjórn var þá mynduð skömmu fyrir þing. Engu að síður stóð þingið þá í 148 daga, en nú í 234 daga; hins vegar voru sett 78 lög og samþ. 19 þings-ályktunartillögur á þinginu 1953, en nú á þessu langa þingi 68 lög og 26 þingsályktunartillögur. Það er því sannarlega ekki hægt fyrir ríkisstjórnina að státa af afkastamiklu þingi, miðað við lengd þess.

Þetta bréf er nú orðið svo langt, að ekki eru tók á að taka hér önnur atriði til meðferðar. Mörg atriði væri þó þörf að minnast á og má því gera ráð fyrir, að miðstjórnin sendi út annað trúnaðarbréf með haustinu.

Að lokum óskar miðstjórnin öllum trúnaðarmönnum flokksins við sjó og í sveit farsældar og góðs gengis á sumrinu.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins,

A handwritten signature in dark ink, appearing to read "Thapfur Thors". The signature is written in a cursive, somewhat stylized script. The first part of the signature is a large, looped initial, followed by the name "Thapfur Thors" written in a more legible but still cursive hand.